



## Vorskýrsla Oddeyrarskóla 2015-2016



**Yfirlit yfir skólastarfið 2015 – 2016**

## Inngangur

Þessari skýrslu um skólaárið 2015-2016 er ætlað að gefa yfirlit yfir helstu þætti skólastarfs skólaársins. Skólastjóri, deildarstjórar og námsráðgjafi tóku skýrsluna saman en hún byggir á ígrundun og mati margra aðila innan skólans.

Við mat á skólastarfinu er stuðst við ýmsar niðurstöður, s.s. niðurstöður foreldra- og nemendakannana Skólapúlsins, svo og starfsmannakönnunar Skólapúlsins sem lögð er fyrir ár hvert. Einnig byggir matið á SVOT greiningum sem eru lagðar reglulega fyrir starfsmannahópinn, netkönnunum og skólapingi.

Skýrslan gefur yfirlit yfir starfshætti og innra mat skólans og er birt á heimasíðu. Ekki er gerð grein fyrir öllum þáttum skólastarfsins hvert ár en fjallað er um helstu áherslupætti. Reynt er að leggja mat á sem flesta þætti og nýta það síðan í umbótaáætlun þar sem þess er þörf.

Unnin hefur verið umbótaáætlun út frá niðurstöðum þessarar vorskýrslu. Hún er einnig birt á heimasíðu skólans og verður unnið eftir henni skólaárið 2016-2017.



## Sýn og stefna Oddeyrarskóla

Einkunnarorð skólans eru ábyrgð – virðing – vinátta

**Í Oddeyrarskóla vinnum við saman að því að skapa skólasamfélag sem nær árangri. Það einkennist af jákvæðum skólabrag, áhugasömum og metnaðarfullum einstaklingum.**

**Jákvæður skólabragur** byggist á virðingu fyrir öllum einstaklingum og umhverfi þar sem margbreytileika skólasamfélagsins er fagnað. Hver og einn er meðvitaður um gildi sitt í samfélaginu og axlar ábyrgð á hlutverki sínu.

Við sköpum **áhuga** meðal einstaklinga með því að gera námið forvitnilegt og fjölbreytt og náms- og starfsumhverfi vinsamlegt og hvetjandi. Hver og einn sýnir ábyrgð í því að leita leiða til að skapa þessar aðstæður.

Við byggjum upp **metnað** með því að skapa aðstæður þar sem einstaklingum er gefinn kostur á að nýta styrkleika sína og hæfileika til að ná árangri. Mat á starfinu skal sett fram með leiðbeinandi og uppbyggjandi hætti. Þannig skapast vilji til að próa og efla starfið.

## Nám og kennsla

Í Oddeyrarskóla er leitast við að koma á lærdómssamfélagi sem byggir á sameiginlegri ígrundun og samvinnu starfsfólks og hefur það að markmiði að efla námsárangur nemenda. Nám nemenda í grunnskóla grundvallast á samspili margra þátta. Til að nemandi nái góðum árangri í námi þarf hann að vera í hvetjandi námsumhverfi, upplifa væntingar, læra vönduð vinnubrögð og njóta góðrar kennslu þar sem horft er til þarfa hans og markmiða.

## Teymisvinna – samstarf

Lagt var upp með tvö kennarateymi á yngsta stigi fyrir veturinn, eitt í 1. bekk sem taldi 27 nemendur og samanstóð teymið af tveimur umsjónarkennurum og stuðningsfulltrúa. Voru þeir í samliggjandi stofum. Annað teymi var í 2. og 3. bekk og samanstóð það af tveimur kennurum og stuðningsfulltrúa auk þess sem fleiri aðilar komu að kennslu í bekkjunum. Í 4. bekk er tæpast hægt að tala um teymi þar sem einn kennari var með umsjón en fékk stuðning sérkennara nokkra tíma í viku.

Á miðstigi starfar eitt kennarateymi og er samkennsla nokkur. Í upphafi skólaárs voru nokkrar breytingar á miðstigi en þar voru tveir kennarar í afleysingum, annars vegar umsjónarkennari og hins vegar sérkennari. Í heild störfuðu því fimm kennarar á stiginu með sérkennara og auk þess einn stuðningsfulltrúi. Gerð var tilraun til að samþætta að öllu leyti íslensku og samfélagsfræði í fyrsta sinn og kennslan fór fram á bekkjargrundvelli. Upplýsingatækni og íþróttir voru einnig bekkjaskipt en náttúrufræði, enska og stærðfræði voru kennd í aldursblönduðum hópum. Umsjón var aldursblönduð, fjórir umsjónarkennarar höfðu að meðaltali 13 börn í umsjón óháð bekkjum. Þá hafði sérkennari umsjón með 5 nemendum.

Á unglíngastigi eru þrjú umsjónarkennarar, hver með sinn bekk, sem mynda teymi unglíngastigs auk greinakennara. Á unglíngastigi er einnig teymi þriggja íslenskukennara, það teymi vann náið saman fyrri hluta skólaársins en vegna breytinga í stundatöflu varð samvinna til muna minni eftir áramót. Þegar svo margir kennarar koma að kennslu greinar er brýnt að þeir vinni þétt saman til að tryggja samfellu í námi og fái nauðsynlegan styrk hver af öðrum. Í stærðfræði unnu saman tveir kennarar í 8. og 9. bekk og gekk því teymi vel að koma til móts við ólíkar þarfir nemenda. Eins og undanfarin ár unnu allir nemendur á unglíngastigi saman að fjölbreyttum þemaverkefnum tvisvar í viku undir handleiðslu fjögurra kennara. Seinni hluta vetrar var tekin sú ákvörðun að nýta þessa tíma í samræður og var þá hver kennari með sinn bekk. Nokkrir kennarar á unglíngastigi bera alveg einir ábyrgð á námi í ákveðnum greinum sem veldur því að þeir hafa ekki tækifæri til faglegrar samræðu um sína grein sem er ókostur.

## Sundkennsla

Líkt og undanfarin haust var foreldrum barna sem eru að byrja í 1. bekk boðið upp á sundnámskeið fyrir börn sín í tæpar tvær vikur í upphafi skólaárs, þeim að kostnaðarlausu. Námskeiðið er hrein viðbót við lögbundna sundkennslu sem er síðan með hefðbundnum hætti, 40 mínútur á viku, allt skólaárið. Íþróttakennarar segja að námskeiðið auki öryggi

barnanna í sundlauginni og í klefum og komi þeim á betra skrið í sundnáminu. Námskeiðið mæltist vel fyrir.

Líkt og undanfarin ár sóttu nemendur í 9. og 10. bekk sundnámskeið í vor sem þeir ljúka í haust. Námskeiðið kemur í stað vikulegra sundtíma allan veturinn. Þetta mæltist vel fyrir í vetur eins og áður en vegna viðgerða á sundlauginni voru sundtímar í vor færri en áætlað var og því verða nemendur að taka fleiri tíma næsta haust.

## Samræmd próf

Samræmd könnunarpróf fóru fram vikuna 21. – 25. september. Nemendur 10. bekkjar tóku próf í íslensku, ensku og stærðfræði en nemendur 4. og 7. bekkjar tóku próf í íslensku og stærðfræði. Raðeinkunnir má sjá hér fyrir neðan. Raðeinkunn er einkunn á bilinu 1-99 og sýnir stöðu miðað við árangur í heild á landsvísu. Raðeinkunn er byggð upp með þeim hætti að helmingur nemenda fær raðeinkunn lægri en 50 og helmingur þeirra raðeinkunn hærri en 50.

- **4. bekkur raðeinkunn:**  
Íslenska: 58,29  
Stærðfræði: 67,33
- **7. bekkur raðeinkunn:**  
Íslenska: 47,32  
Stærðfræði: 46,21
- **10. bekkur raðeinkunn:**  
Íslenska: 43,64  
Stærðfræði: 49,2  
Enska: 40,91

Eins og síðastliðið ár voru einkunnir í öllum námsgreinum í 10. bekk; íslensku, stærðfræði og ensku, gefnar í bókstöfum.

Árangur nemenda í 4. bekk er ofan landsmeðaltals en árangur nemenda í 7. og 10. bekk, neðan landsmeðaltals og ekki ásættanlegur. Leitast verður við með markvissum hætti að bæta árangur nemenda, m.a. með meiri og markvissari eftirfylgni með lestrarnámi á mið- og unglingastigi.

## Skimanir og aðrar athuganir á lestri

Í upphafi skólaárs var ákveðið að fylgjast náið með framförum í lesfimi hjá öllum nemendum skólans en fram að því hafði áherslan verið á yngsta stigi og miðstigi. Hraðapróf voru lögð fyrir alla árganga þrisvar sinnum eða oftari yfir skólaárið. Ýmis hvetjandi vinna fór fram til að allir gætu séð hjá sér framfarir og náð árangri. Lestur heima og í skóla var áberandi og tók hann á sig ýmsar myndir. Stærstur hluti nemenda sýndi framfarir og margir hverjir mjög miklar. Þeir sem ekki sýndu framfarir hafa nú farið í nánari athuganir og er þá oft um að ræða einhvers konar lestrarvanda sem vinna þarf með á annan hátt.

Í fyrsta bekk er fyrst lögð fyrir skimun október með skimunartækinu *Leið til læsis*. Það metur ýmsa þætti og flokkast niðurstöður í hvort nemendur lenda utan áhættu eða í áhættu eitt eða tvö. Kennarar fóru vel yfir þessar niðurstöður og skipulögðu kennslu fyrir hópa innan árgangsins í samræmi við þær.

Í fyrsta bekk eru einnig lögð fyrir tvö skimunarpróf sem nefnast *Læsi*. Eitt í febrúar og annað í apríl. Prófin skima fyrir ólíkum þáttum og gefa því ólíkar niðurstöður. Almenn viðmið um árangur er 61% og þar yfir. Nemendur sem eru undir þeim árangri þurfa á að halda öflugum leiðsagnarmati og kennslu. Í febrúar náðu 81% barnanna yfir 60% árangri sem telst gott en meðaltal allra sem sendu sínar niðurstöður til MSHA var 87%. Í apríl náðu 68% nemenda þessum árangri en þar var meðaltalið 73%. Rýnt var í allar niðurstöður með það að markmiði að fella kennsluna alltaf betur að þörfum einstaklinga og hópa innan árgangsins. Miklar samræður um orð til að efla skilning fóru fram auk mikillar þjálfunar á stöfum og hljóðum þar sem þess var þörf og svo lesfimi.

Í öðrum bekk eru lögð fyrir tvö *Læsi skimunarpróf* og eitt skimunarpróf til viðbótar sem nefnist *Lesmál*. Í fyrsta prófinu náðu 27% nemenda yfir 60% árangri og í öðru prófinu voru þeir 46%. Þetta er lágt í samanburði við það meðaltal sem kom úr samantekt MSHA. Í þriðja prófinu náðu 50% nemenda yfir 60% árangri. Unnið var markvisst út frá niðurstöðum fyrri prófa þar sem nemendur fengu úrræði og kennslu út frá stöðu sinni í lestri. Mikill árangur náðist í gegnum þá vinnu. Ýmislegt getur skýrt sveiflur í niðurstöðum milli árganga í skólanum. Sumir árgangar eru mjög fámennir og margir nemendur með skilgreindar sérþarfir. Sjá má á þessum niðurstöðum að markvisst inngríp skilar árangri. Í öðrum bekk eru einnig lögð fyrir eftirfylgnipróf *Leið til læsis*. Þar er fylgst með leshraða eða lesfimi eins og það er stundum kallað. Sjá mátti miklar framfarir á skólaárinu sem rekja má til markvissrar kennslu og þjálfunar. Þeir nemendur sem ekki hafa náð lágmarksfærni í lestri hafa verið greindir með námserfiðleika af einhverju tagi og brugðist er við með námsefni við hæfi og kennslu í námstækni.

Þeir nemendur skólans sem ekki taka framförum milli mælinga í lesfimi fara gjarnan í frekara mat og er þá lögð fyrir Logos lestrargreining sem skimar fyrir dyslexiu. Niðurstöður Logos gefa þá til kynna hvers konar vandi er á ferðinni sem veitir kennurum mikilvægar upplýsingar þegar kemur að skipulagningu náms fyrir þessa nemendur.

*Orðarún* - Mat á lesskilningi er staðlað próf fyrir nemendur í 3. - 8. bekk grunnskóla. Prófið kannar hversu vel nemendur skilja meginefni texta og átta sig á staðreyndum, einnig kannar það hversu vel nemendur geta lesið á milli línanna og þannig dregið ályktanir um þætti sem standa ekki beinlínis í textanum.

Í Oddeyrarskóla er prófið lagt fyrir nemendur í 4. - 8. bekk. Helstu niðurstöður eru þær að allir nemendur í 4. bekk Oddeyrarskóla náðu meðaltals árangri eða þeim mun betri árangri. Í 5. - 8. bekk náðu 73-78 % nemenda meðaltalsárangri eða betri árangri. Nokkur stærri hluti drengja en stúlkna náði ekki meðaltalsárangri eða 25% drengja en 13% stúlkna. Hafa ber í huga að nokkrir þessara nemenda eru af erlendu bergi brotnir og því kannski ekki sanngjarnt að ætlast til þeir ná sama árangri og jafnaldrar þeirra sem hafa íslensku að móðurmáli en samt sem áður verður að finna leiðir til að auka lesskilning allra nemenda.

## Valgreinar

Tímafjöldi nemenda í 8.-10. bekk er 37 stundir á viku. Nemendur í 8. bekk eru 31 kennslustund í grunnfögum á viku og fá því 6 kennslustundir á viku í valgreinum. Flestar valgreinar eru 2 kest. á viku og velja flestir nemendur sér því þrjár valgreinar og er ein þeirra bundin list- og verkgreinum. Nemendur í 9.– 10. bekk eru í 29 kest á viku í grunnfögum og því flestir í fjórum valgreinum og ein þeirra bundin list- og verkgreinum.

Valið er ýmist innan skólans í höndum kennara skólans eða sameiginlegt með öðrum skólum bæjarins og þá þurfa nemendur að sækja í aðra skóla. Í vetur sóttu 55 nemendur nám í samvalsvalgreinar. Einnig geta nemendur fengið metið nám í tónlistar- og myndlistarskólum og þátttöku í íþróttum eða öðru tómstundastarfi í stað valgreinar. Í vetur nýttu um 30 nemendur sér þann möguleika, flestir þeirra fengu metnar íshökkýæfingar, eða 11 nemendur. Aðrar greinar sem nemendur fengu metnar voru dans, fimleikar, handbolti, karate, keila, knattspyrna, kór og tónlistarnám.

Í vetur var haldið áfram samstarfi milli Verkmenntaskólans á Akureyri og grunnskólanna á Akureyri þar sem markmiðið var m.a. að nemendur grunnskólanna gætu nýtt sérþekkingu og sérhæfð verkstæði bæði í bók- og verkgreinum. Þær greinar sem boðið var upp í VMA voru aðhlyning, rafiðnir, sjónlistir og tréiðnir. Auk þess var í boði að taka stærðfræði 102 sem grunnskólakennari kenndi en nemendur tóku lokapróf í VMA og voru prófin yfirfarin af kennurum VMA. Einnig áttu nemendur möguleika á fjarnámi í VMA. Allir þessir áfangar voru metnir til eininga í VMA. Tveir nemendur úr Oddeyrarskóla luku einingum í rafiðn, tveir í tréiðn og einn í stærðfræði 102. Einn nemandi lauk tveimur fjarnámsáföngum í dönsku í VMA.

## Skólapróun - lærdómssamfélag í Oddeyrarskóla

Við í Oddeyrarskóla færum okkur stöðugt nær því að byggja upp menningu lærdómssamfélags. Það sem helst einkennir lærdómssamfélag er samstarfsmenning með áherslu á nám, að allir hafi sameiginlega sýn á það ástand sem þarf að skapa til að ná markmiðum, að allir hafi sameiginleg gildi og væntingar og lögð sé áhersla á markmiðs- og árangursmiðað starf. Þar sem menning lærdómssamfélags ríkir eru allir skuldbundnir til að leggja sitt af mörkum til stöðugar þróunar.



## Læsisteymi

Síðastliðið haust tók til starfa læsisteymi við Oddeyrarskóla. Það skipa fjórir kennarar auk beggja deildarstjóra. Í upphafi var hlutverk læsisteymis fyrst og fremst að halda utan um og vera leiðandi í tengslum við þróunarverkefnið *Tölum saman - lærum saman* en fljótlega komu fleiri verkefni inn á borð teymisins og þá helst vinna tengd þróun læsisstefnu Eyjafjarðar.

## Tölum saman - lærum saman



Haustið 2015 var farið af stað með þróunarverkefnið *Tölum saman - lærum saman*,

sem hlaut styrk úr Sprotasjóði til eins árs. Í Aðalnámskrá grunnskóla frá 2011 er áhersla lögð á að nemendur séu virkir og sjálfstæðir í námi sínu, þeir skapi og miðli en séu ekki eingöngu móttakendur. Vaxandi áhyggjur eru af ósjálfstæði nemenda og lítilli þrautseigju og vangaveltur hafa verið um hvort skýringuna sé að einhverju leyti að finna í kennsluaðferðunum. Með aukinni samræðu eykst virkni nemenda, þeir þjálfast í að rýna til gagns, rökstyðja mál sitt og bera virðingu fyrir skoðunum annarra. Samræðan er góð leið til að skerpa skilning og auka samstarf nemenda.

Auknar og bættar samræður í skólastarfinu nýtast öllum nemendum, óháð þroska og námsframvindu og gagnast í hvaða námsgrein sem er.

Markmið verkefnis er:

- að kennarar nái valdi á fjölbreyttum leiðum í samræðum við nemendur
- að kennarar nýti starfendarannsóknir til að þróa kennsluhætti þína
- að þjálfra hæfni nemenda með sérstakri áherslu á lykilhæfnipætti aðalnámskrár sem snúa annars vegar að tjáningu og miðlun og hins vegar að skapandi og gagnrýnni hugsun
- að samræður verði lykill að því að auka hugtakaskilning í hvaða námsgrein og námsefni sem er
- að nemendur nái valdi á að nýta sér samræður í námi sínu
- að auka virkni og ábyrgð nemenda í námi



Í verkefninu nutu kennarar og stjórnendur leiðsagnar Hafþórs Guðjónssonar hjá Menntavísindasviði HÍ og Brynhildar Sigurðardóttur, skólastjóra í Garðaskóla. Verkefninu var hleypt af stokkunum með námskeiði 14. ágúst 2015, þar sem Hafþór og Brynhildur fjölluðu um gildi samræðunnar í skólastarfi og tilgang starfendarannsókna, auk þess sem kennarar tóku þátt í samræðuæfingum. Um miðjan nóvember fór starfsfólk Oddeyrarskóla í náms- og kynnisferð á höfuðborgarsvæðið og nýttu einn seinni part í samræðuæfingar með Brynhildi. Þann 27. janúar kom Hafþór á starfsmannafund þar sem hann ræddi við kennara í 10-12

manna hópum um framvindu verkefnisins og hvernig gengi að skrá í anda starfendarannsókna. Segja má að hápunkturinn hafi verið innanhússþing 22. apríl, þar sem kennarar sögðu frá því hvernig þeir höfðu nýtt sér samræðurnar í skólastarfinu. Það er skemmst frá því að segja að sá dagur tókst í alla staði mjög vel og greinilegt að kennarar höfðu unnið fjölbreytt verkefni og farið ýmsar leiðir í því að auka samræður meðal nemenda sinna. Brynhildur og Hafþór sátu bæði þetta þing og voru mjög ánægð með afraksturinn.

Í könnun sem lögð var fyrir kennara á vordögum kemur fram að 50% þeirra 14 kennara sem þátt tóku í könnuninni telja að þeim hafi tekist frekar vel að ná valdi á fjölbreyttum leiðum í samræðum við nemendur og u.þ.b. 70% telja að þeim hafi tekist frekar vel að nota samræðu til að efla hugtakaskilning. Tæplega 60% telja að þeim hafi tekist frekar vel að fá nemendur til að nýta sér samræðu í námi sínu. Aftur á móti telur meiri hluti kennara (u.þ.b. 65%) að þeim hafi hvorki tekist vel né illa að auka virkni og ábyrgð nemenda í námi í gegnum samræður. Kennarar virðast nokkuð óruggari þegar kemur að vinnuaðferðum starfendarannsókna



tæplega 80% þeirra telja sig hvorki vel né illa eða frekar illa tekist að nýta sér starfendarannsóknir sem leið til að þróa kennsluhætti sína.

## Læsisstefna Eyjafjarðar

Byrjað var að leggja grunn að nýrri læsisstefnu Akureyrar og nærsveita veturinn 2014-2015. Stýrihópur lærdómssamfélags á svæðinu lagði línurnar og starfsmenn Miðstöðvar skólaþróunar Háskólans á Akureyri köfuðu í fræði og þýddu ástralskt efni, *First steps*, um þróun læsis. Starfshópur skipaður þremur grunnskólakennurum, fulltrúa frá skóladeild og fulltrúum frá MSHA kom m.a. að staðfærslu þrepanna.

Haustið 2015 hittust læsisteymi skólanna á fundi, skólar skiptu með sér verkum og kaus



læsissteymi Oddeyrarskóla að taka að sér vinnu í tengslum við talað mál og hlustun, ásamt læsisteymum úr Síðu- og Glerárskóla. Aðrir skólar tóku að sér vinnu með lestur og lesskilning annars vegar og ritun hins vegar. Læsissteymi Oddeyrarskóla hófst strax um haustið handa við að einfalda og „jarðtengja“ þýðingu á *first steps* þrepunum. Í tengslum við þá vinnu fór fram mjög góð samræða um með

hvaða hætti væri áhrifaríkast að efla hlut talaðs máls og þá sérstaklega samræðunnar í skólastarfi. Læsissteymi þessara þriggja skóla sem fjölluðu um talað mál og hlustun hittust þrisvar yfir veturinn til að samræma og bera saman bækur sínar. Afrakstur af vinnu læsisteymanna var síðan kynnt kennurum skólanna sem komu með athugasemdir og ábendingar. Undir skólalok hittust öll teymin og sögðu frá þeirri vinnu sem farið hafði fram. Miðstöð skólaþróunar sá um endanlegan frágang þrepanna sem unnið verður eftir næsta vetur.

## Þróun í upplýsingatækni

Í vetur hefur verið mikil gróska innan Oddeyrarskóla í námi og kennslu í upplýsingatækni. Google verkefnið okkar hefur skipað stóran og fastan sess í daglegri vinnu bæði nemenda og kennara en það býður sífellt upp á nýjungar. Heimasíðugerð í gegnum Google fór af stað auk þess sem kennarar og nemendur reyndu fyrir sér í forritun. Við hlutum styrk frá Forriturum framtíðarinnar til að þjálfa kennara í forritun og sótti 6 manna hópur kennara námskeið í kubbakóðun og Java script. Skemmst er frá því að segja að forritunin hafi slegið í gegn hjá nemendum og ljóst er að við munum halda ótrauð áfram í þeirri skemmtilegu og lærdómsríku vinnu.



Á skólapingi sem haldið var á vordögum voru nemendur spurðir að því hvernig okkur í Oddeyrarskóla gangi að nota tæknina við námið. Í niðurstöðum nemenda kemur fram ánægja með tölvuverið og notkun á Google umhverfinu. Nemendur eru einnig ánægðir með kennsluna og að fá tækifæri til að forrita. Allir hópar sem svöruðu spurningunni nefna að bæta þurfi tölvubúnað við skólann og fjölga fartölvum, þannig að nemendur geti nýtt tæknina betur.

## Raddir nemenda og foreldra

Í foreldrakönnun Skólapúlsins kemur fram að foreldrar í Oddeyrarskóla eru að jafnaði ánægðari með nám og kennslu í skólanum en foreldrar í öðrum skólum á landinu. Á nemendapingi voru nemendur yfirleitt jákvæðir gagnvart náminu en þeir komu einnig fram með ábendingar sem m.a. lúta að fjölbreyttari verkefnum í ákveðnum greinum, meiri útiveru og meiri samræðu.

## Líðan og velferð

### Nemendur

Undanfarin ár hafa niðurstöður úr Skólapúlsi, sem lagður er fyrir nemendur í 6.-10. bekk, gefið vísbendingar um að nemendum í Oddeyrarskóla líði að jafnaði ekki eins vel og öðrum nemendum á landinu. Þeir þættir sem lagðir eru til grundvallar þessu mati snúast um sjálfsálit, stjórn á eigin lífi, vellíðan, einelti, hreyfingu og mataræði. Nemendur taka könnunina í tveimur hópum, fyrri hópurinn svarar könnuninni í október en sá síðari í apríl. Athygli vekur að annað árið í röð er mikill munur á þessum mælingum, niðurstöður úr fyrri mælingu voru flestar í sambærilegar við landsmeðaltal en seinni mælingin vísar verulega frá því. Niðurstöður fyrir árið í heild eru heldur lakari en árið á undan sé miðað við landsmeðaltal. Í sumum tilvikum má sjá breytingar til batnaðar á milli ára en sú breyting hefur hins vegar orðið meiri á landsvísu og því kemur viðkomandi matsþáttur ekki út á jákvæðan hátt.

Á nemendapingi sem haldið var í maí voru nemendur spurðir að því hvernig okkur í Oddeyrarskóla gangi að byggja upp sjálftraust nemenda. Nemendur tala um að kennarar séu hjálplegir, það séu gott aðgengi að námsráðgjafa og einnig í gegnum íþróttir. Nemendur nefna að til að gera betur ættu kennarar að hrósa meira, hlusta betur á nemendur og setja sig betur í spor nemenda. Nemendur segja einnig að það þurfi að fá alla til að virða skoðanir annarra.

Þegar nemendur voru spurðir að því að því hvernig okkur í Oddeyrarskóla gangi að láta öllum líða vel í skólanum segja þeir að kennarar og starfsfólk geri sitt besta við að láta nemendum líða vel og að alltaf sé hægt að leita hjálpar. Nemendur eru ánægðir með litakerfi á möppum fyrir námsgögn, ánægðir með íþróttatímana og finnst gaman að fara oft í smíðjur. Sumum nemendum finnst mega einblína betur á það sem nemendur gera gott. Sumir nemendur nefna að bæta megi aðgengi að íþróttasalnum í frímínútum og að leyfa nemendum að vera inni ef veður er vont. Tillaga kemur um minni blöndun á miðstigi og að fækka smíðjum úr þremur í tvær. Nemendur óska eftir fjölbreyttara námi.

Þær leiðir sem skólinn hefur notað til þess að bæta líðan nemenda s.s. einstaklingsviðtöl við nemendur og gott aðgengi nemenda að námsráðgjafa, auk stuttra námskeiða sem lúta að sjálfstyrkingu, virðast því ekki skilað þeim árangri sem vonast var til. Því verður það að vera eitt af forgangsverkefnum næsta haust að leita leiða til að bæta líðan nemenda, því góð líðan er undirstaða góðs árangurs.

## Unnið gegn einelti

Á heimasíðu skólans má finna fræðsluáætlun, viðbragðaáætlun- og skimunaráætlun gegn einelti sem skólinn starfar eftir. Við skólann starfar forvarnarteymi gegn einelti sem samsett er af námsráðgjafa, skólastjórnanda og kennara.



Forvarnarteymi gegn einelti fékk eitt mál inn á borð til sín í vetur sem gekk vel að vinna með og verður fylgt eftir á næsta skólaári. Niðurstöður Skólapúlsins benda til að einelti sé marktækt meira í Oddeyrarskóla en í öðrum skólum á landinu, sem er á skjön við þá upplifun sem kennarar, stjórnendur og námsráðgjafi hafa af ástandinu og þeim málum sem forvarnarteymi gegn einelti fær til sín. Lítil breyting er á niðurstöðum milli ára. Fram kemur að marktækt meiri munur er á einelti gagnvart stúlkum en drengjum. Rúm 7% stúlkna segjast hafa verið lagðar í einelti einu sinni seinustu 30 daga en liðlega 4% drengja. Samkvæmt niðurstöðum segja 1,1% stúlkna hafa verið lagðar í einelti oftari en 10 sinnum síðustu 30 daga og 0,9% drengja.

Unnið er áfram með vanmáttarkennd sem birtist gagnvart nemendum í öðrum skólum. Nemendur hafa m.a. rætt um að þeim finnist þeir ekki metnir að verðleikum af krökkum í öðrum skólum. Í vetur hefur verið opið hús einu sinni í viku í Oddeyrarskóla sem hefur gengið vel.

Í vetur unnu umsjónarkennarar í 7. bekk með stúlkur í sama bekk þar sem áhersla var á að efla samskipti og öryggi. Í 8. bekk var farið í stuðningskerfið WATCH ásamt öðru efni, unnið var með drengjum og stúlkum þar sem áherslan var á að efla sjálfstæði, öryggi og árangur.

Í foreldrakönnun Skólapúlsins kemur fram marktækur munur þar sem foreldrar eru ánægðir með viðbragðaáætlun skólans gegn einelti. Foreldrar meta velferð nemenda með svipuðu móti og foreldrar í öðrum skólum landsins.

Á nemendapingi sem haldið var á vordögum voru nemendur spurðir að því hvernig okkur í Oddeyrarskóla gangi að vinna gegn einelti. Margir nemendur segja að nemendur standi vel saman og hjálpist að. Einn hópurinn nefnir að það hafi gengið betur þegar skólinn var með sérstakt átak gegn einelti en svo hafi hallað undan. Nemendur nefna að starfsmenn megi grípa fyrr inn í ef þeir sjái ósætti/slagsmál, að í skólanum megi hafa oftari átak gegn einelti og ræða betur við nemendur um alvarleika eineltis.

Forvarnarteymi telur mikilvægt að greina og finna þá einstaklinga sem ekki leita til teymisins með sín mál sem og þeirra sem finnst úrlausn mála taka langan tíma. Fulltrúi úr teyminu sat haustið 2015 kynningarfund með fagráði eineltismála í grunnskólum sem heyrir undir Menntamálastofnun þar sem farið var yfir starfsemi fagráðsins í samræmi við [reglugerð nr. 1040/2011](#) um ábyrgð og skyldur skólasamfélagsins í grunnskólum.

## Vinabekkjasamstarf skólaárið 2015-2016



Hefð er orðin fyrir því að nemendur í 8. bekk verði vinir nemenda í 1. bekk og hefjast kynnin áður en yngri nemendurnir byrja í skóla.

Nemendur í 7. bekk fara í heimsókn í leikskólann lðavöll og hitta verðandi grunnskólabörn og leikskólabörnina koma í heimsókn í grunnskólann þar sem nemendur í 7. bekk taka á móti þeim. Krakkarnir eru paraðir saman þannig að hver nemandi á sinn vin. Krakkarnir í 7. bekk fóru fyrir jólin og lásu fyrir vini sína á leikskólanum. Á vordögum fóru vinapörin saman í Lystigarðinn og nutu veðurbliðunnar við leiki og skemmtun.

Fyrstu vikuna í skólanum að hausti fylgja nemendur í 8. bekk vinum sínum í 1. bekk í útiveru. Vinapörin fóru saman í íþróttahúsið í góðgerðarvikunni, sátu saman á söngsal, voru í vinapörum á fjölgreindadögum og áttu saman lestrarstund í allir lesa.

Vinapörin í 2. og 9. bekk voru saman á fjölgreindardögum, söngsal, útileikum og á fjölgreindardegi. Vinapörin í 3. og 10. bekk voru saman á fjölgreindardögum, söngsal, útileikum og á fjölgreindardegi.

Á skólapingi sem haldið var á vordögum voru nemendur spurðir að því hvernig okkur í Oddeyrarskóla gangi að nota samstarf vinabekkjanna. Nemendum virðist finnast mjög gaman þegar vinabekkirnir gera eitthvað saman, s.s. að fara í Lystigarðinn, vera saman í hóp á fjölgreindarleikum og smíðjudögum o.s.frv. Nemendum finnst mikilvægt að hafa eldri krakka til að leiðbeina þeim yngri og vera með þeim. Allir hópar eru sammála um að við höfum tækifæri til úrbóta, að auka vinabekkjasmstarfið enn frekar. Þeim finnst að að eigi að vera meiri leikur, að eldri aðstoði í kennslustundum, fari í gönguferðir og geri meira saman.

## **Jafnrétti í skólastarfi**

Í Jafnréttisáætlun Oddeyrarskóla segir „að nemendur skólans skuli hljóta jafnréttisfræðslu þar sem lögð er áhersla á að búa bæði kynin undir jafna þátttöku í samfélaginu.“ Í nýrri menntastefnu er jafnréttismenntun skilgreind sem einn af sex grunnþáttum menntunar.

Jafnréttisáætlun Oddeyrarskóla er undir flípanum Starfshættir á heimasíðu skólans. Í henni er að finna ýmsar hugmyndir að efni sem hægt er að nýta í jafnréttisfræðslu með nemendum. Í skólastarfi skulu allir taka virkan þátt í að skapa samfélag jafnréttis og réttlætis. Lögð er áhersla á að allir nemendur þjálfist í að þekkja og tjá tilfinningar sínar og læri um leið að virða tilfinningar annarra óháð kyni, uppruna, búsetu, trú eða fötlun. Einnig að strákar og stelpur hljóti fræðslu, ráðgjöf og hvatningu í tengslum við ólík menntunartækifæri og ólík störf óháð kyni.

Í öllum bekkjum hefur farið fram jafnréttisfræðsla í gegnum náms- og starfsfræðslu, þar sem fjallað var m.a. um staðalmyndir kynjanna. Einnig unnu nemendur verkefni þar sem fléttuðust inn í jafnrétti, lýðræði og mannréttindi tengd mismunandi námsgreinum. Nemendur í níunda bekk fóru í starfskynningar utan skólans og þurftu að taka til greina kynjaskiptan vinnumarkað og jafnrétti kynjanna. Starfskynningarnar heppnuðust vel og í kynningu fyrir foreldranna kom fram að nemendur voru ánægðir með heimsóknirnar. Níundi bekkur fékk heimsókn frá fulltrúa Jafnréttisstofu sem fjallaði m.a. um staðalmyndir. Í tíunda bekk voru kynningar um nám eftir grunnskóla og umræður um jöfn tækifæri til náms og starfsval óháð kyni.

Frekar lítil umræða virðist vera um jafnréttisáætlun meðal starfsmanna og er það mat jafnréttisnefndar að hún þurfi að fylgja sínum málum betur eftir, ætla tíma í að sinna þessu

hlutverki og jafnframt kalla eftir frekari umræðu og hugmyndum meðal starfsmanna um þessi mál.

## Ýmsir viðburðir á skólaárinu

- Nemendur í 7. bekk byrjuðu skólaárið í skólabúðum að Reykjum í Hrútafirði.
- Útivistardagur að hausti eru kominn í nokkuð fast skipulag. Nemendur á yngsta stigi skiptast á að fara í fjöruferð, Naustaborgir, Lystigarðinn og Krossanesborgir. Í ár var farið í Krossanesborgir. 60 nemendur í 5-10 bekk völdu að fara í gönguferð upp að Hraunsvatni, 20 nemendur völdu gönguferð í Kjarnaskóg og 30 nemendur fóru í tvær miserfiðar hjólaferðir.
- Nemendur í 6. bekk fóru í afar vel heppnaða ferð með Húna II í lok ágúst, þar sem þeir fengu fjölbreytta fræðslu sem tengdist m.a. öryggisatriðum á sjó og sjávardýrum. Nemendur fengu að renna fyrir fisk og ekki skemmdi fyrir stórkostleg sýning hnúfubaka.
- Fjölgreindardagur í október. Nafnið á deginum vísar í fjölgreindarkenningar Gardners, en þennan dag fóru nemendur á milli stöðva í aldursblönduðum hópum og unnu fjölbreytt verkefni sem reyndu á mismunandi greindir. Nemendum raðað saman skv. vinapörum í vinabekkjarsamstarfi.
- Starfskynningar nemenda í 9. bekk. Í nóvember fóru nemendur í 9. bekk í starfskynningar í hin ýmsu fyrirtæki í bænum. Að þeim loknum kynntu þeir fyrirtækin sem þeir heimsóttu fyrir foreldrum sínum og starfsfólki skólans.
- 8. nóvember er baráttudagur gegn einelti af því tilefni voru nemendur kallaðir á sal þar sem Kristín skólastjóri ræddi við nemendur um baráttuna gegn einelti og hvað við gætum gert til að sporna við því. Skólasöngurinn var sunginn og að því loknu fengu nemendur og starfsfólk blá armbönd til eignar með áletruninni *Ég legg ekki í einelti*, ásamt einkunnarorðum skólans: *Ábyrgð, virðing, vinátta*. Eftir þessa stund á sal fóru allir út á skólalóð, tóku höndum saman kringum skólann og mynduðu faðmlag utan um hann.
- Dagur íslenskrar tungu er haldinn hátíðlegur ár hvert í kringum 16. nóvember. Þá hittast nemendur unglíngastigs í bænum í þremur skólum og haldið er sameiginlega upp á daginn með undirbúnum atriðum frá skólunum. Nemendur í öðru bekkjum héldu upp á daginn með ýmsum hætti.
- 1. desember var haldinn hátíðlegur inn á sal þar sem nemendur fengu fræðslu um fullveldið og íslenska fánann og sungu nokkur lög. Að söng loknum fengu allir kakó og lummur. Í framhaldinu spiluðu nemendur á mið- og unglíngastigi félagsvist á sal og nemendur í 1. bekk æfðu sig að spila "félags Olsen, ólsen". Nemendur í 2.-4. bekk fór á leikskýninguna um Grýlu.
- Í byrjun desember fengum við heimsókn frá rúmönskum listamönnum. Þeir buðu upp á smíðjur í skólanum þar sem nemendum gafst tækifæri á að vinna fjölbreytt listaverk undir þeirra handleiðslu.
- Hour of code - klukkustund kóðunar. Í annarri viku desember tóku nemendur í Oddeyrarskóla þátt í alþjóðlegu verkefni í forritun sem gengur undir nafninu The Hour of code. Þátttakendur verkefnisins eru úr öllum heiminum, frá a.m.k. 180 löndum. The Hour of Code er klukkustundar kynning á tölvunarfræði sem ætlað er að sýna fólki



fram á að hver sem er getur lært grunnatriði forritunar. Verkefnið er talið henta fólki á aldrinum 4-104 ára.

- Nemendaráð stóð fyrir hæfileikakeppni í desember. Margir skráðu sig til leiks og ýmist sungu, spiluðu á hljóðfæri, dönsuðu eða sýndu töfrabrogð. Hæfileikakeppnin er að festast í sessi og er skemmtileg tilbreyting í skólalastarfið.
- Kaffihúsadagur. Sú hefð hefur skapast á aðventunni að nemendur í 9. bekk útbúi kaffihús innan skólans þar sem boðið er upp á kakó og piparkökur. Foreldrafélagið leggur út fyrir veitingunum.
- Laufbrauðsútskurður. Í ár eins og undanfarin ár fengu nemendur laufbrauðköku sem þeir skáru út og steiktu með aðstoð. Sama dag var jólamatur í skólanum svo nemendur gátu borðað laufbrauðskökuna sína með jólamatnum.
- Jólakort. Nemendur útbúa jólakort í myndmenntatímum. Myndmenntakennari velur og útfærir kort sem send heim til allra nemenda með jólakveðju frá skólanum.
- Litlu jólin. Nemendur byrjuðu á samverustund með kennurum í heimastofu og síðan dönsuðu allir saman í kringum jólatré á sal. Á eftir komu svo jólasveinar með gott í poka inn í alla bekki.
- Árshátíð skólans var haldin laugardaginn 23. janúar. Sýningar voru færðar fram um eina klukkustund frá því sem verið hefur undanfarin ár og voru því kl. 12.00 og 15.00 með kaffihlaðborði foreldrafélagsins á milli sýninga. Um kvöldið var árshátíðarball fyrir nemendur á unglíngastigi. Dagurinn tókst með eindæmum vel.
- Stóra upplestarkeppnin. Nemendur í 7. bekk tóku þátt í stóru upplestarkeppninni nú sem endranær og stóðu þeir sig mjög vel þó svo þeir næðu ekki verðlaunsæti.
- Skólahreystilið skólans stóð sig með þryði og lenti í 3. sæti.
- Um miðjan mars var góðverkavika í Oddeyrarskóla. Nemendur gerðu fjölda góðverka þessa viku t.d. fóru þeir um hverfið og sópuðu stéttir íbúanna, færðu starfsfólki í fyrirtækjum í hverfinu nýbakaða snúða, fóru á Hlíð og spiluðu við vistmennina og útbjuggu falleg blóm og orðsendingar sem þeir stungu inn í bréfalúgur á Eyrinni. Nemendur og starfsfólk skólans þrjónaði jafnframt húfur o.fl. til að geta gefið til Rauða krossins.
- Smiðjudagar í mars voru tileinkaðir fjölmenningu. Sú nýbreytni var gerð að í vikunni á undan var haldið nemendaping þar sem nemendur í hverjum hóp komust að samkomulagi um hvaða stöðvar yrðu fyrir valinu á smiðjudögum. Mæltist þetta vel fyrir og tókust smiðjudagar mjög vel.
- 100 miða leikurinn var haldinn í apríl og fór þeir nemendur sem dregnir voru út í heimsókn í HA þar sem þeir fengu að skoða rannsóknarstofu og gera tilraunir. Að því loknu fengu þeir kakó og kökur í mótuneyti HA.
- Skíðadagur var með hefðbundnum hætti í mars.
- Síðasta skóladag fyrir páskarí er hefð fyrir því að fara á skauta og spila bingó í skólanum. Í bingó er tekið á móti frjálsum framlögum til að styrkja fósturdóttur skólans Cliceriu Manga, sem býr í SOS barnaþorpi í Guineu-Bissau. Að þessu sinni var ekki hægt að fara á skauta þar sem skautahöllin var lokað vegna viðgerða.



- Sumargjöf. Allir nemendur skólans fá sumargjöf í formi jákvæðrar umsagnar senda heim til sín fyrir Sumardaginn fyrsta.
- Viðurkenning skólanefndar. Steinar Bragi Laxdal, nemandi í 7. bekk hlaut viðurkenningu skólanefndar fyrir miklar framfarir í námi. Auk þess fengu kennararnir Ragnheiður Ásta Einarsdóttir og J. Freydís Þorvaldsdóttir viðurkenningu fyrir framúrskarandi starfshætti í anda skóla án aðgreiningar.
- Skólaþing. Í vor var haldið skólaþing nemenda í 5.-9. bekk, í því skyni að kalla eftir röddum nemenda varðandi ýmsa þætti í skólastarfinu. Nemendur í 10. bekk voru í skólaferðalagi og tóku því ekki þátt. Nemendum var skipt í hópa þvert á bekki og leiddu nemendur í 9. bekk samræðurnar. Samræðurnar í hópunum voru yfirleitt góðar og niðurstöðurnar nýtast til að bæta skólastarfið.
- Útskriftarferð nemenda í 10. bekk gekk afar vel að vanda.
- Vordagar í júní voru með nokkuð hefðbundnu sniði, einn daginn var UNICEF hlaupið en þá söfnuðu nemendur áheimum til styrktar UNICEF, annan daginn var farið í ratleik, sund og endað á Ísferð, þriðja daginn voru útileikar þar sem nemendur léku sér á fjölbreyttum stöðvum og í lokin fengu allir grillaðar pylsur. Síðasta skóladaginn var svo haldin SMT uppskeruhátíð á sal skólans. Í SVOT greiningu komu fram vangaveltur um hvort yngsta stigið ætti að sleppa ratleiknum.
- Í vetur voru heimsóknir frá nemendum á leikskólanum lðavelli samkvæmt samstarfsáætlun milli skólanna.

## SMT skólafærni

Í Oddeyrarskóla vinnum við eftir hugmyndafræði **SMT skólafærni**. Innleiðing á SMT skólafærni hófst í skólanum árið 2006 en hugmyndafræðin gengur út á *jákvæðan stuðning við hegðun nemenda*. Aðferðin leggur áherslu á leiðir til að koma í veg fyrir og draga úr hegðunarvanda með því að kenna og þjálfra félagsfærni, umbuna fyrir æskilega hegðun og samræma viðbrögð starfsfólks gagnvart nemendum sem sýna óæskilega hegðun.

Nú vinnum við sem sjálfstæður SMT skóli. Vinna með SMT agaferli var í nokkuð föstum skorðum og því með líku sniði og undanfarin ár. Lagt var upp með skipulag samkvæmt árshjólí. Ýmsar hefðir eru að festast í sessi sem tengjast SMT t.d. 100 miða leikurinn og SMT uppskeruhátíð sem haldin er að vori og nú í vor á skólaslitadaginn. Í SVOT greiningu starfsmanna kom fram sérstök ánægja með uppskeruhátíðina. Hafa þessar upptökur einnig mælst vel fyrir hjá nemendum og eru skemmtileg tilbreyting í skólastarfið.

SET listar voru lagðir fyrir til að kanna hvaða upplifun nemendur og starfsfólk hafa af SMT vinnunni og hvernig þeir þekki hana og kom sú könnun vel út. Heildarmeðaltal skors fyrir flokkana sjö er 96%. Þeir þættir sem skoðaðir eru á SET lista könnun er hvort reglur séu skilgreindar og kenndar, hvort til staðar sé viðvarandi hvatningarkerfi, hvort skólinn sé með samræmd viðbrögð við óæskilegri hegðun, hvort nægilegt eftirlit sé með skráningum og hvort ákvarðanir séu teknar út frá þeim. Loks er mat á því hvernig vinnunni er stýrt og hvort sveitafélagið veiti stuðning.

**SMT lausnarteymi** vinnur að málefnum einstaklinga eða hópa. Kennarar geta óskað eftir stuðningi teymisins við lausn einstaklingsmála eða málefna hópa. Meðlimir lausnarteymis eru fimm, kennarar af yngsta- og unglingastigi, deildarstjórar yngri og eldri deildar ásamt



námsráðgjafa. Teymið fundaði 10 sinnum á þessu skólaári. Farið var yfir þríhyrninga tvisvar á skólaárinu, október og febrúar, heimtur voru mjög góðar í bæði skiptin. Á yngsta stigi fækkaði nemendum í efsta lagi þegar þríhyrningurinn var lagður fyrir í síðara skiptið en bættist aðeins við í miðlaginu. Á miðstigi fækkaði nemendum bæði í efsta- og miðlaginu á milli skipta. Á unglíngastigi fjölgaði nemendum í efsta lagi og fækkaði í miðlaginu á milli skipta.


Engin formleg umsókn barst teyminu þennan vetur. Helstu verkefni voru að bjóða kennurum aðstoð við gerð umbunarkerfis, check in/out, virknimat var gert. Einnig var boðið upp á markvissa félagsfærniþjálfun fyrir drengi á yngsta stigi. Það skilaði ágætum árangri og er eitthvað sem teymið hefur áhuga á að gera meira af. Kennarar í skólanum er margir hverjir orðnir mjög úrræðagóðir þegar unnið er að málefnum nemenda og mörg mál í góðum farvegi hjá þeim.

Markmið fyrir næsta vetur er að hittast 1x í mánuði til að byrja með og nýta krafta okkur enn frekar til að styðja við nemendur og kennara. Gæti verið hægt að búa til litla hópa þar sem markviss félagsfærni þjálfun færi fram.

## Mötuneyti - rekstur og viðhorf foreldra

Í mötuneyti Oddeyrarskóla störfuðu á skólaárinu þær Hrafnhildur Jónsdóttir matráður og Laufey Harrýsdóttir aðstoðarmatráður. Rekstur mötuneytisins hefur vægast sagt gengið vel, rekstartölur eru góðar og ánægja foreldra og nemenda er mikil með matinn. Fæðissala var 22% umfram áætlun á fyrstu 5 mánuðum ársins og innkaup eru 26% undir áætlun. Þær stöllur studdust við matseðla Akureyrarbæjar og unnu matinn nánast allan frá grunni. Allt brauð var bakað í skólanum og gætt var að því að hafa matinn hollan. Jafnframt var á haustdögum ákveðið að bjóða nemendum upp á hafragraut í upphafi skóladags, auk þess sem nemendur unglíngadeildar eiga kost á að fá sér graut í frímínútunum. Mikil ánægja hefur verið með þetta framboð. Nýting hefur verið nokkuð jöfn í vetur, en um 40 nemendur hafa að jafnaði nýtt sér þetta góða boð.

Meðfylgjandi myndir sýna niðurstöður úr foreldrakönnun Skólapúlsins er varða mötuneytið. Þessi hagræðing í rekstri hefur gert okkur kleift að kaupa stóran, öflugan pott með hræru, en það mun bæta starfsaðstæður í eldhúsi til muna.



## Frístund

Frístund var í boði fyrir nemendur 1.-4. bekkjar í vetur frá því að hefðbundinni stundarskrá var lokið dag hvern og til klukkan 16:15. Þrír starfsmenn voru í Frístund. Nýtingin var mest í 1. og 2. bekk. Skólapúlsinn skoðar ánægju foreldra með frístundaheimili og mældist ánægja foreldra þetta árið á landsmeðaltali (4,8), en það er nokkur lækkun frá síðasta ári þegar ánægja foreldra mældist 5,5 en landsmeðaltal 4,9.

## Kennaranemar

Í Oddeyrarskóla er mikil hefð fyrir því að taka á móti kennaranemum, enda er nauðsynlegt fyrir verðandi kennara að fá góða reynslu og leiðsögn á vettvangi og skólinn nýtur ávallt góðs af því að fá kröftuga og metnaðarfulla nema á vettvang. Því hefur skólinn gert samstarfssamning við kennaradeild HA um að vera móttökuskóli fyrir kennaranema við HA. Veturinn 2015-2016 tók skólinn við tveimur kennaranemum frá HA í vettvangsnám og æfingakennslu. Einn var að mestu á yngsta stigi og tveir á miðstigi. Mjög gott samstarf náðist við nemana og skapaðist mikið traust milli þeirra og starfsmanna skólans. Þeir lýstu ánægju með dvöl sína hér og skildu sáttir við skólann eftir önnina. Áætlað er að taka á móti einum kennaranema næsta skólaár.

Í nóvember kom til skólans skiptinemi frá kennaraháskóla í Odense í Danmörku. Hann var hér á vegum HA og var í þrjár vikur í vettvangsnámi og æfingakennslu við Oddeyrarskóla. Hann heimsótti alla bekki en kenndi tungumál og stærðfræði á unglingsstigi. Þetta var góð viðbót við starfið okkar og lærðu allir af þessari heimsókn. Einnig kom til okkar nemi af þriðja ári og var á yngsta stigi að jafnaði vikulega í 10 vikur. Þessi nemi var í vettvangsnámi og æfingakennslu og vann náð með einum kennara. Að síðustu tókum við á móti fjórum annars árs nemum frá HA í eina viku á vorönn. Þeir voru að kynna sér skólastarf frá ýmsum hliðum, hittu starfsfólk og heimsóttu kennslustundir. Þeir áttu góða og viðburðarrika viku og nýttu vel það sem í boði var, voru virkir í samstarfi og samspili við börn og fulloröna.

## Foreldrasamstarf

### Samstarf foreldrafélags og skóla

Stjórnendur skólans hafa alltaf átt farsælt samstarf við foreldrafélagið. Hlutverk foreldrafélags er bundið í lög þess en það er m.a. að efla starf í kringum félagslíf nemenda og leggja fram aðstoð við ýmis góð mál sem varða börn og foreldra þeirra í skólanum. Fyrsta verkefni foreldrafélagsins hvert skólaár er að sjá um undirbúning fyrir hausthátíð skólans. Síðustu ár hefur skapast sú hefð að hausthátíð sé haldin fyrsta laugardag í september. Þá er gjarnan lagt upp í skrúðgöngu um hverfið og fáni með merki skólans borinn í broddi fylkingar. Síðan er ýmis skemmtun í boði á skólalóð og grillaðar pylsur. Nemendur 10. bekkjar hafa tekið að sér að skipuleggja og stjórna ýmsum leikjastöðvum á lóðinni og fá í staðinn framlag frá foreldrafélaginu upp í útskriftarferð sína sem farin er í lok skólaárs.

Meginverkefni foreldrafélagsins er þátttaka í árshátíð nemenda. Eins og áður sá foreldrafélagið um glæsilegt kaffihlaðborð í ár. Það var á milli sýninga nemenda og sáu foreldrar um uppröðun, skipulag, vinnu og allan frágang. Það var lagt á borð í matsal, kennslutofum á austurgangi og á ganginum sjálfum enda alltaf mikil aðsókn í kaffi þennan

dag. Foreldrafélagið studdi einnig við 10. bekkina fyrir árshátíð með því að greiða leikstjóra sem leikstýrði atriði 10. bekkina.

## Heimsóknir til nemenda í 1. og 8. bekk

Foreldrum nemenda í 1. og 8. bekk býðst að fá umsjónarkennara barna sinna í heimsókn til að ræða um skólastarfið og líðan nemenda. Heimsóknin til nemenda í 1. bekk er örstutt að vori áður en nemendur byrja. Umsjónarkennarar nemenda í 8. bekk heimsækja sína nemendur í upphafi skólaárs. Í heimsókninni er rætt það helsta sem fjölskyldunni liggur á hjarta varðandi komandi vetur. Ef foreldrar vilja ekki fá kennara heim má að sjálfsögðu hafa samtalið í skólanum. Allir foreldrar þáðu heimsókn frá kennara þetta skólaárið eins og oftast áður og því heimsótti umsjónarkennari í 8. bekk 18 nemendur.

## Fundir í skóla

Í september eru foreldrar boðaðir á haustkynningarfundum þar sem skólastarf vetrarins er kynnt og foreldrum gefst tækifæri til að hittast og spjalla. Mæting var misjöfn eftir árgöngum en var að meðaltali 68%. Hefðbundnir viðtalsdagar kennara, nemenda og foreldra voru í nóvember og mars. Mjög góð mæting var í viðtölin. En skil á frammistöðumati nemenda voru ekki nógu góð. Í flestum bekkjum voru skil á milli 50-70%. Í haust og vor voru foreldrar nemenda í 1., 7. og 10. bekk boðið í óformlegt morgunspjall með stjórnendum á kaffistofu starfsmanna. Misgóð mæting var á fundina en þarna fóru fram góðar umræður um ýmislegt sem foreldrum lá á hjarta varðandi skólamála.

## Þróunarstarf og símenntun starfsfólks

Í vetur voru áfram stigin skref nær því að til verði lærdómssamfélag í Oddeyrarskóla þar sem áhersla er lögð á teymiskennslu, samræður í skólastarfi og nýtingu upplýsingatækni í námi nemenda. Lögð er áhersla á að allir læri saman, starfsfólk og nemendur. Kennarafundir og aðrir fundartímar voru eins og kostur var nýttir til faglegrar samræðu og miðlunar.

Mikil áhersla hefur verið lögð á lestur og læsi og með miðlægum gagnagrunni höfum við getað haldið utan um lesfimi allra nemenda skólans. Niðurstöður sýna með afgerandi hætti verulegar framfarir nemenda í lesfimi í öllum bekkjum skólans. Þróunarverkefnið **tölum saman - lærum saman** styður síðan við þessa vinnu með því að vinna með hugtakaskilning nemenda og færni þeirra í að nota tungumálið til að ná auknum skilningi á viðfangsefninu og ræða það á lýðræðislegan hátt. Sú vinna mun halda áfram á komandi skólaári og munu nokkrir kennarar skólans taka þátt í Hugleik, verkefni á vegum HA sem miðar að samræðum í námi.

Upplýsingatækni var gert hátt undir höfði í skólanum síðastliðinn vetur. Nokkrir kennarar í skólanum hafa verið leiðandi í þeirri starfsþróun og hafa unnið óeigingjarnt starf við endurmenntun og miðlun til annarra, innan og utan skólans. Mest hefur verið unnið við að þróa notkun á umhverfi sem kallast Google for education og hefur sú vinna vakið athygli innan bæjar og utan. Kennarar skólans hafa verið mjög móttækilegir og tilbúnir til að tileinka sér og nýta þetta nýja umhverfi og hafa



nemendur skólans notið góðs af. Skólinn sótti um styrk til Forritara framtíðarinnar og hlaut veglegan styrk í formi endurmenntunar í forritun fyrir kennara. Sóttu 6 kennarar skólans grunnnámskeið og nokkrir sóttu einnig framhaldsnámskeið í forritun. Allir nemendur skólans fengu að spreyta sig í forritun undir leiðsögn þessara kennara, en það tengdist alþjóðlegu verkefni sem kallast Hour of Code. Sótt hefur verið um áframhaldandi styrk til forritara framtíðarinnar, nú krossum við fingur að fá styrk í formi búnaðar svo auðveldara verði að koma við kennslu í forritun og annarri upplýsingatækni. Hinir framsæknu kennarar í upplýsingatækni hafa heimsótt skóla og miðlað þekkingu sinni og reynslu, s.s. á Dalvík, í Brekkuskóla og í Vestmannaeyjum. Einnig fengum við heimsókn frá kennurum og nemendum í Brekkuskóla sem miðluðu af reynslu sinni í tengslum við upplýsingatækni.

Haldið var áfram að þróa starfshætti í Byrjendalæsi, sem annars er orðin mjög rótgróin aðferð í námi barna í Oddeyrarskóla. Auk þess sem haldið var áfram að bæta nám nemenda í gegnum PALS (þör að lesa saman), samræður í námi og með ritun.

Á skólaárinu héldu kennarar áfram með vinnu við að þróa nýjar leiðir í stærðfræðinámi yngstu nemendanna í samstarfi við Þóru Rósu Geirsdóttur ráðgjafa hjá MSHA. Í grófum dráttum gengur aðferðin út á það að auka við hugtakaskilning og rökhugsun nemenda með samræðum tal um lausnir að dæmum og ræða um hugtök og fleira. Einnig var mikil áhersla lögð á þrútaalausnir, skriflegar og munnlegar.

Allir starfsmenn skólans fóru í námsferð á Stór-Reykjavíkursvæðið og skoðuðu þar ýmislegt sem tengist skólastarfi. Starfsmenn dreifðust víða um svæðið, en samtals voru 11 skólar heimsóttir. Hálfur dagur var nýttur til fundar við Brynhildi Sigurðardóttur og Hafþór Guðjónsson, ráðgjafa okkar í þróunarverkefninu Tölum saman - lærum saman. Þar fóru kennarar í ýmsar samræðuæfingar og höfðu bæði gagn og gaman af.

Kristín og Rannveig, stjórnendur skólans, sóttu virkilega gott vikulangt námskeið í Portúgal um stuðning stjórnenda við skólaþróun en það var hluti af Erasmus styrk sem skólinn hlaut síðastliðið vor.

Kennarar skólans voru mjög virkir þátttakendur á ráðstefnum víðsvegar.

Í Oddeyrarskóla voru haldnir faggreinafundir kennara á unglíngastigi í öllum Eyjafirði, en með þessum fundum var ætlun að kennarar ættu faglega samræðu um nýtt hæfnimiðað námsmat. Kennarar voru mjög ánægðir með fundina og mikill vilji er fyrir því að halda þeim áfram á komandi skólaári.

## **Námskeið og fræðslufundir í tengslum við skólastarfið**

### **Fræðsla í ágúst**

- Allir kennarar sóttu læsisþing í Brekkuskóla, þar sem nokkrir kennarar úr Oddeyrarskóla sáu um menntabúðir
- Allir kennarar sóttu námskeið í tengslum við þróunarverkefnið Tölum saman - lærum saman.
- Aðrir starfsmenn en kennarar hófu sitt starfsár með námskeiðum á vegum Símeypjar sem tengdust reiði- og agastjórnun og frímínútnagæslu og leikjastjórnun.

- Kennarar og stuðningsfulltrúar fengu fræðslu frá greiningarstöð.
- Allir starfsmenn fengu fyrirlestur frá Jóhanni Inga um samskipti á vinnustað.

### Önnur fræðsla á skólaárinu

- Haustþing BKNE og FSNE var hladið 2. október. Um morguninn voru faggreinafundir, fundur FSNE og aðalfundur BKNE og eftir hádegi sameiginleg dagskrá þar sem m.a. Var kynning á nýrri Menntamálastofnu og Menntamiðju.
- Kristín Elva Viðarsdóttir sálfræðingur Giljaskóla og Steinunn Líberg Ragnarsdóttir, kennari í Giljaskóla héldu fyrirlestur um núvitund.
- Í nóvember fór starfsfólk í náms- og kynnisferð á höfuðborgarsvæðið. Dagskráin stóð yfir í tvo daga þar sem starfsfólk heimsótti skóla og fékk leiðsögn í tengslum við þróunarverkefnið Tölum saman - lærum saman.
- Kristín skólastjóri og Rannveig deildarstjóri sóttu námskeið til Portúgals í nóvember sem fjallaði um stuðning og hlutverk stjórnenda við starfsþróun í skólum.
- Tveir kennarar sóttu 5 daga námskeið í PMT grunnmenntun.
- Ghasoub Abed var með erindi um menningu og sögu Sírlands fyrir allt starfsfólk Oddeyrarskóla.
- Nokkrir kennarar skólans sóttu opna fræðslufundi í HA og á vegum Rauða krossins þar sem annars vegar var fjallað um menningu Mið-Austurlanda og hins vegar um stöðu flóttafólks og afleiðingar þess að vera á flóttu.
- 22. apríl var haldið innhússþing, þar sem kennarar kynntu verkefni og hugmyndir sem þeir hafa unnið að í sambandi við þróunarverkefnið tölum saman - lærum saman.
- Nokkrir fræðslufundir voru yfir veturinn í upplýsingatækni, m.a. Með fræðslu frá kennurum og nemendum úr Brekkuskóla.
- Einu sinni í mánuði fóru stjórnendur á fræðslufundi með öðrum stjórnendum í Eyjafirði í tengslum við lærdómssamfélag.

### Starfsfólk - vinnustaðurinn Oddeyrarskóli

Samkennd, samstarfsvilji og vinátta einkennir starfsmannahóp Oddeyrarskóla.

Starfsmönnum er annþ um skólann og vinnustaðinn. Starfsmenn virðast almennt ánægðir með starf sitt og starfsandann og hafa margir á orði sem heimsækja skólann að það sé gott andrúmsloft í skólanum. Þetta sýnir sig m.a. í því að þátttaka í sameiginlegum viðburðum starfsmanna er jafnan góð. Það er mikils vert og mikilvægt að viðhalda því.

Árlega er lögð fyrir starfsmannakönnun á vegum Skólapúlsins og þar kemur fram mjög jákvætt viðhorf starfsmanna til skólans, flestir þættir undir þeim lið mælast marktækt jákvæðari en að jafnaði skólum landsins. Starfsánægja og starfsandi mælast vel fyrir ofan landsmeðaltal, og eru starfsmenn almennt ánægðir með starfsaðstöðu sína í skólanum. Þátturinn upplýsingastreymi virðist alltaf vera erfiður, en sá þáttur kemur út á meðaltalsbili en það er lækkun frá fyrra ári. Starfsmenn virðast einnig almennt ánægðir með stjórnun skólans. Starfsmenn virðast almennt upplifa faglegan stuðning skólastjóra við kennara, valddreifingu við ákvarðanatöku og virka samvinnu um skólaþróun og umbætur. Marktækur munur frá landsmeðaltali er á nýtingu á niðurstöðum kennaramats. Meðalfjöldi daga til símenntunar er

aðeins undir landsmeðaltali (þó ekki marktækt), en margir kennarar birta vilja til að fá fleiri tækifæri til símenntunar.

Á skólaárinu var urðu talsverðar breytingar varðandi starfsmannamál, t.a.m. unnu kennarar eftir nýju vinnumati í kjölfar síðustu samninga auk þess sem Akureyrarbær tók um viðverkerfið Vinnustund fyrir alla starfsmenn skóla. Það gekk afar vel og var starfsmannahópurinn duglegur að aðlagast nýjum vinnubrögðum en ljóst er að innleiðing tekur lengri tíma og þarf að fínþússa ýmsa þætti.

Starfsmannahópurinn er ekki laus við keppnissskap og tóku starfsmenn þátt í tveimur vinnustaðakeppnum á skólaárinu, en það var lífshlaupið og lestrarkeppnin Allir lesa. Sá hængur var á að þessar keppnir lentu á sömu vikunni, svo þetta reyndist þrautin þyngri. Þrátt fyrir það sigraði Oddeyrarskóli vinnustaðakeppni Akureyrarbæjar í Lífshlaupinu og endaði skólinn í 3. sæti fyrir fjölda hreyfiminútna. Starfsmenn skólans höfnuðu í 4. sæti í keppninni Allir lesa á landsvísu miðað við stærð vinnustaðar og fögnum við þeim árangri mjög! Aðal keppnisfólkið í skólanum hafa haft samband við forsvarsmenn þessara keppna til að tryggja að þær rekist ekki saman á komandi ári.



## Náms- og starfsráðgjöf, skýrsla námsráðgjafa vor 2016

Námsráðgjöf er ætlað að vera fyrirbyggjandi þjónusta við alla nemendur skólans og stuðla að því að nemendur geti skapað sér viðunandi vinnuskilyrði í skóla og heima og markað sér braut til framtíðar. Þetta felur m.a. í sér að náms- og starfsráðgjafi þarf að hafa frumkvæði að því að nálgast nemendur sem eru í þörf fyrir aðstoð en bera sig ekki eftir björginni.

### Verkefni náms- og starfsráðgjafa

- Ráðgjöf um náms- og starfsval nemenda og námstækni.
- Vinna gegn brottþvarfi úr grunn- og framhaldsskóla.
- Persónulegur og félagslegur stuðningur við nemendur og viðtöl við nýja nemendur.
- Námskeið- sjálfsefling, félagsfærni og tilfinningastjórnun, ADHD, lesblinda og námskeið um samskipti stúlkna og drengja.
- Fundarseta í nemendaverndarráði, eineltis- og áfallateymi, jafnréttisnefnd og lausnateymi, innramatsteymi, teymi náms- og starfsráðgjafa í grunnskólum Akureyrar.
- Tengiliður við forvarnarfulltrúa.
- Samráð við starfsfólk skólans um hegðun og líðan nemenda.
- Samráð við foreldra um málefni sem varða framgöngu barna/unglinga.
- Samráð við stofnanir um einstaka nemendur.
- Situr teymis- og stigsfundi sem og aðra fundi með foreldrum og eða kennurum sem snerta nemendur.

Hundrað og fimm nemendur leituðu til eða var vísað til námsráðgjafa á skólaárinu 2015–2016. Fimmtíu og þrjár stúlkur og fimmtíu og tveir drengir.

Fjöldi skráðra afskipta við nemendur voru 499. Viðtöl voru tekin við ellefu nýja nemendur sem komu úr öðrum skólum ýmist að hausti eða þegar líða tók á veturinn.

Í ágúst hittust náms- og starfsráðgjafar til að fara yfir verkefni vetrarins og faglegt samstarf og síðan reglulega yfir skólaárið. Námsráðgjafar úr nágrannasveitarfélögum eru í samstarfi við okkur hér sem styrkir faglegt starf í báðar áttir. Námsráðgjafar í grunnskólum Akureyrar ásamt námsráðgjafa í grunnskóla Dalvíkur fóru í skólaheimsóknir í grunnskólana út með firði og gafst okkur m.a. færi á að ræða fagleg mál sem snúa að skólastarfi og þjónustu við nemendur.

Sameiginlegur fundur var með skólahjúkrunarfræðingum og starfsfólki félagsmiðstöðvarinnar þar sem farið var yfir dagskrá vetrarins. Í vor var fundað og farið yfir forvarnarfræðslur sem boðið var uppá í vetur í grunnskólum Akureyrar. Forvarnarfulltrúar munu fara yfir athugasemdir sem komu fram. Mikilvægt er endurmeta og fara vel yfir það sem er gert og vanda fræðslur sem börnum og ungmennum er boðið uppá í grunnskólanum, lítið fjármagn er til staðar og því þarf að fara vel yfir í hvað peningunum er varið. Námsráðgjafi fundaði með jafnréttisnefnd og eineltis- og áfallateymi sem er liður í forvarnarstarfi ásamt því að bregðast við áföllum og fara yfir tengslakannanir sem eru lagðar fyrir nemendur, brugðist var við þeim þar sem það átti við. Námsráðgjafi sat fund í Reykjavík með fagráði eineltismála í grunnskólum sem heyrir undir Menntamálastofnun. Farið var yfir nýjar verklagsreglur sem biðu samþykkis. Fram kom að lykilatíði í jákvæðum skólabrag er andrúmsloft og menning skólans.

Nemendur sóttu mikið í persónulegaráðgjöf í vetur eins og undanfarin ár. Einnig var um einstaklingsmiðaða vinnu eða með minni hópum þar sem unnið var með félagsfærni og eða reiðstjórnun. Í 2. – 3. bekk var unnið með slökun, félagsfærni og sjálfsefningu bæði drengjum og stúlkum. Náms- og starfsfræðsla var í öllum bekkjum, sérstök áhersla var á unglíngastigið varðandi starfsfræðslu og var m.a. notað námsefnið [Stefnan sett](#) sem farið er yfir í 8., 9., og 10. bekk.

Í nóvember fór níundi bekkur í starfskynningar og heimsóttu nemendur tvo vinnustaði. Annan daginn velja nemendur vinnustað að eigin vali en hinn daginn er óskað eftir að nemendur velji sér vinnustað sem er óhefðbundinn út frá kynjasjónarmiðum. Eftir heimsóknirnar var foreldrum boðið í skólann þar sem nemendur kynntu ýmiskonar störf. Starfskynningarnar heppnuðust vel og fram kom í samtali við nemendur og foreldra að þau voru ánægð með kynningarnar.

Í þessu verkefni er óskað eftir því að strákar kynni sér vinnustað/starfsgrein þar sem konur eru almennt í meirihluta og að stelpur kynni sér vinnustað/starfsgrein þar sem karlar eru almennt í meirihluta. Nemendur mega einnig vera báða dagana á „óhefðbundnum“ vinnustað

ef vilji er fyrir því og samþykki fæst fyrir því á vinnustaðnum. Þessi kynjabundni þáttur er liður í jafnréttisáætlun Oddeyrarskóla sem m.a. byggir á 23. gr. jafnréttislaga þar sem segir:


*Í náms- og starfsfræðslu og við ráðgjöf í skólum skulu piltar og stúlkur óháð kyni hjóta fræðslu og ráðgjöf í tengslum við sömu störf.*

Bendill áhugasviðskönnun var lögð fyrir nemendur í 10. bekk og farið yfir niðurstöður með nemendum, allir nemendur sóttu um skólavist í framhaldsskóla. Nemendur 8. bekkjar fengu afhendan námstækni bækling í heimsóknnum frá umsjónarkennara sínum að hausti sem námsráðgjafi fór síðan markvisst yfir að hausti. Í 8. bekk var unnið með stuðningskerfið WATCH ásamt öðru efni sem miðar að því að efla sjálfstæði, öryggi og árangur. Unnið var með litlum drengjahópi á unglíngastigi með ADHD. Tilgangurinn með þessari vinnu er að efla sjálfsþekkingu og þroska næmi á eigin tilfinningar, hugsun og hegðun. Sjálfstýringarnámskeið var fyrir stráka og stelpur í 6. bekk og gekk ágætlega, nauðsynlegt er að halda áfram að efla sjálfstæði, ábyrgð og öryggi með nemendum.

Mentorverkefnið Vinátta er þróunarverkefni rekið af Velferðarsjóði barna á Íslandi. Það voru færri framhaldsskólanemendur í ár en oft áður sem völdu þennan áfanga að vera mentor. Tveir drengir og tvær stúlkur í 4. bekk fengu mentor. Námsráðgjafi var í samskiptum við verkefnastjóra, foreldra og nemendur voru þau öll mjög ánægð. Tveir drengir á unglíngastigi voru í starfstengdu námi í vetur sem gekk mjög vel. Vinnan fór fram hjá Ormson, Framkvæmdarmiðstöðinni og í Axelsbakarí.

Námsráðgjafi var í samstarfi við félagsmiðstöðina Rósenborg vegna nemenda sem tóku þátt í verkefni sem nefnt er Tölvu tóti og er fyrir nemendur á unglíngastigi sem sækja mikið í tölvu, í þessum hópi voru 3 drengir. Einnig tóku fáeinir nemendur á miðstigi þátt í félagsstarfi þar sem hugað var að þáttum eins og félagstengslum, sjálfsmynd og tjáningu ánægja ríkti með þessi verkefni þó svo færri nemendur hafi sótt í það en í fyrra. Forvarnardagurinn var á sýnum stað í haust og tók 9. bekkur þátt í honum. Fræðslan fór fram í Síðuskóla og Rósenborg.

Náms- og starfsráðgjafar sinna ráðgjöf við nemendur sem eiga m.a. í námstengdum og persónulegum vanda. Brottfall úr framhaldsskóla á sér oft langan aðdraganda sem hefst oft í grunnskóla. Nemendur sem falla brott frá námi fara á mis við mikilvægan undirbúning undir líf og starf. Rannsóknir hafa sýnt að nemendur sem hafa fengið náms- og starfsráðgjöf eru líklegri til að hafa meiri metnað og ljúka frekar námi en þeir sem ekki fengu slíka ráðgjöf. Í samstarfi við námsráðgjafa Síðuskóla undirbyggjum við námskeið fyrir nemendur í 7.- 8. bekk sem kenna á næsta haust til að efla sjálfstæði- öryggi og árangur.



Talsverð reynsla er komin á þjónustu náms- og starfsráðgjafa og hefur hún fest sig í sessi innan veggja skólans. Nemendum sem nýta sér þjónustuna fjölgar jafnt og þétt og nemendum finnst sjálfsgað að leita til námsráðgjafa með sín mál. Fyrsta skólaárið 2008 - 2009 sem ég var að störfum sem náms- og starfsráðgjafi leituðu 30 nemendur til námsráðgjafa,



skólaárið 2013 – 2014 voru það 94 nemendur skólaárið 2015- 2016 eru það 105 nemendur sem notuðu þjónustuna. Nemendur eru að leita leiða til lausna fyrir sjálfa sig og sína mjög oft frumkvæði á að koma til námsráðgjafa af því tilefni. Af þessu má draga þá ályktun að starf náms- og starfsráðgjafa er hluti af stoðþjónustu skólans sem nemendur sjá hag í að nýta sér. Ágætlega tókst að fylgja eftir þeim starfs- og kennsluáætlunum sem settar voru fram að hausti, bæst hafa við verkefni jafnt og þétt yfir veturinn eins og gengur og gerist þar sem lífandi starf er sem sífellt býður upp á ný og mikilvæg viðfangsefni. Heilt yfir hefur veturinn er krefjandi en um leið ánægjulegur.

### **Forvarnarverkefni**

- 2. bekkur – Krakkarnir í hverfinu.
- 3. bekkur – Leyndarmálið.
- 4. bekkur - Stuttmynd gegn ofbeldi.
- 5. bekkur – Vinátta og traust.
- 6. bekkur – Fjölmenningarfræðsla, VÍS.
- 7. bekkur - Aflið, Allir hinir mega það, Hinsegin fræðsla
- 8. bekkur - Kynfræðsla Sigga Dögg. Vímuefnarnir, SAFT, VÍS, Vertu þú sjálfur.
- 9. bekkur - Geðrækt, Aflið, Stuttmynd gegn ofbeldi, Jafnréttisfræðsla, Forvarnardagurinn 1. október, vímuvarnir, Vertu þú sjálfur.
- 10. bekkur – Fjármálavit, Þorgrímur Þránínsson, Vímuvarnir, Eining iðja, Jafnréttisfræðsla, Vertu þú sjálfur.

## Skýrslur frá kennurum

### Textílmenn

Textílmenn gekk vel í vetur og nánast allir voru áhugasamir og duglegir. Nemendur vinna vinna eitt til tvö skylduverkefni. Ef nemandi ræður illa við verkefnið er það aðlagð hans getu.

### Smiðjur á yngsta stigi

Nemendur koma í textílsmiðju 8 skipti eða 16 tíma. Allir nemendur á yngsta stigi gerðu stórt verkefni sem krafðist mikils af þeim. Þau lituðu lítinn efnisbút með tie dye litum, sem þau síðan þurftu að þvo og strauja. Þau saumuðu síðan í saumavél línur í púðann sinn og að lokum saumuðu þau hann saman og fylltu með tróði.

Áður en þau saumuðu púðann í saumavélinni æfðu þau sig að sauma í blað.

Verkefnið gekk vel og afraksturinn var glæsilegur. Þar sem hóparnir eru stórir þá þurftu nemendur stundum að bíða eftir aðstoð en þá voru þau með annað verkefni að grípa í sem þau voru sjálfbjarga með eins og t.d. vef eða vinavönd.

Það var misjafnt eftir hópum hversu mörg aukaverkefni voru gerð en flestir hópar náðu að gera eitthvað. Önnur verkefni voru meðal annars draumafangari, vefkarl, vinabönd og lyklakippa.

Þetta gekk vel og því ætla ég að halda áfram að vinna í saumavél með 3. og 4. bekk næsta vetur.

### Smiðjur á miðstigi

Nemendur á miðstigi koma ca.20 sinnum í textílmenn eða um 40 tíma. Nemendur í 5.-7. bekk eru í blönduðum hópum í smiðjum en vinna ekki eins verkefni. Það var oft mikill atgangur þegar verið var að koma öllum af stað með sín verkefni en síðan gekk þetta nokkuð smurt. Í 5. bekk voru tvö skylduverkefni. Þau saumuðu bangsa og prjónuðu. Þau byrjuðu á að gera bangsann og margir völdu síðan að prjóna trefil, vettlinga eða húfu á bangsann sinn. Aðrir prjónuðu lítil tuskudýr. Verkefnin gengu vel og langflestir áhugasamir og duglegir.

6. bekkur gerði eins og undanfarin ár sundpoka með upphafstöfunum sínum. Þau saumuðu stafinn á pokann með tunguspori, hekludu snúru í pokann og saumuðu hann saman. Allir nemendur kláruðu pokann sinn og langflestir gerðu eitt eða fleiri verkefni að eigin vali.

Skylduverkefni 7. bekkjar voru tvö. Þau saumuðu krosssaumsmynd og gerðu bútasaumspúða. Nemendur teiknuðu sínan eigin mynd til þess að sauma eftir eða fundu í bókum og blöðum. Það voru flestir sem náðu að klára bæði verkefnin og að gera verkefni að eigin vali.

### Textilval/grunnur

Unglingastigið hafði nokkuð frjálssar hendur um val á verkefnum og gekk það vel. Þau unnu töluvert með litun á efni, tie dye og taubrykk. Lituðu boli, koddaver, sokka og fleira. Í vetur voru nemendur mikið að prjóna og voru húfur, eyrnabönd og paravettlingar vinsælast. Athuga þarf með að breyta verkefnavali og kröfum um skil á verkefnum svo þau samræmist betur matsviðmiðum aðalnámskrár.

### Samræður

Nemendur hafa oft átt góðar samræður sín á milli í tímum hjá mér í vetur sem ég hef hlustað á með öðru eyranu því ég er oft upptekin við að aðstoða aðra nemendur. Stundum hef ég getað sest hjá þeim og tekið þátt með þeim. Umræðuefnin eru oftast nær úr þeirra daglega lífi eins og t.d einelti/stríðni, hollt mataræði, námið, íþróttir og fleira. Það er virkilega gaman þegar tími vinnst til að taka þátt í umræðum því þannig kynnist ég nemendum betur og hvað þau eru að hugsa. Ég held áfram næsta vetur í samræðum og fer kannski markvisst að lauma inn umræðuefnum. Minn lærdómur af samræðu verkefnum vetrarins er að ég er meðvitaðri um það hvernig ég spyr spurninga og reyni að gefa þeim meiri tíma til þess að svara.

Almennt finnst mér nemendur vera mjög góðir í þessum samræðum, þau hlusta og gefa öðrum orðið og segja sína skoðun.

### **Endurmenntun**

Ég hef nánast lokið minni endurmenntun þetta árið. Ég á eftir einhverja tvo tíma. Ég sleppti nokkrum námskeiðum sem mig langaði að fara á og hefðu gagnast mér í textilkennslunni því ég virðist aldrei eiga neitt í þessum blessaða sjóð.

### **SMT**

Eins og fyrr ár gef ég þrumur en er því miður alls ekki nógu dugleg við það. Ég er hinsvegar mun duglegri við að gefa hrós og hvatningu. Ég kom ekki að neinni reglukennslu í vetur en er dugleg að minna nemendur á reglur.

## **Heimilisfræði**

### **Yngsta stig**

Nýliðinn vetur gekk með eindæmum vel og var gleðin við völd í heimilisfræðistofunni alla daga. Það vill svo skemmtilega til að allflestir nemendur mæta glaðir og tilbúnir í verklega vinnu þegar þeir mæta í heimilisfræði. Veturinn byrjaði á nokkurri skipulagsvinnu þar sem skipulag skólans er þannig að á yngsta stigi er 1. og 2. bekk kennt saman í heimilisfræði og 3. og 4. bekk er kennt saman. Ég ákvað því að búa til tvær rúllur fyrir hvorn hóp sem kenndar verða til skiptis. Efnisvalið byggir á kennslubókunum Hollt og gott og valdi ég að leggja áherslu og hollt og gott mataræði hjá yngsta stigi. Tímarnir voru þannig byggðir upp að við byrjuðum á umræðum um ýmislegt varðandi matarvenjur, fæðuhringinn, næringarefni, mikilvægi morgunverðar og ýmislegt fleira, unnum verkefni í bókinni, svo í eldhúsið og unnum verkefni þar og enduðum svo á að skrifa allar uppskriftir í uppskriftabækur sem nemendur útbjuggu sér. Aðalmarkmið á yngsta stigi voru að kenna nemendum að skera ávexti og grænmeti, að kynna holla og góða lífshætti fyrir fyrir nemendum og að kenna þeim að velja hollari kosti. Nemendur fengu kynningu á baksturaðferðum og bökuðu sitt eigið brauð. Nemendur á yngsta stigi komu í átta skipti í heimilisfræði, tvær kennslustundir í senn.

### **Miðstig**

Á miðstigi komu nemendur í 12-13 nemenda hópum sem blandaðir voru úr 5., 6. og 7. bekk. Sú blöndun gekk ljómandi vel og virtust nemendur ánægðir með fyrirkomulagið. Nemendur komu þrisvar sinnum í viku í 100, 80 og 60 mínútur í senn. Ég ákvað að hausti að skipta tímum þannig að í 100 mínútna tímum var bakað því þá gafst góður tími til gerbaksturs,

í 80 mínútna tímum var eldað og í 60 mínútna tímum voru bóklegir/samræðu tímar. Þetta fyrirkomulag hentaði mjög vel og voru nemendur sáttir því þeir vissu að hverju þeir gengu. Þar sem árgöngunum er kennt saman ákvað ég að í vetur tækjum við 5. bekkjar námsefnið Gott og gagnlegt ásamt ýmsum verkefnum og næstu tvö árin tókum við svo 6. og 7. bekkjar námsefnið. Það eru því í raun þrjár rúllur sem farið er í gegnum á þremur árum. Mikil og góð samræða átti sér stað í bóklegu tímunum þar sem námsefnið stendur nemendum nærri og flestir hafa eitthvað til málanna að leggja.

Á miðstigi eru nemendur orðnir eldhúsfærari þannig að bakstursverkefnið verða þyngri og flóknari og nemendum er kennt það þekkja mun á þeyttu, hræðu og hnoðuðu deigi og kenndur munur á lífrænum og ólífrænum lyftiefnum svo eitthvað sé nefnt. Það er einnig gerð krafa um að nemendur sýni ákveðið sjálfstæði þannig að þegar líður á veturinn dregur kennari sig meira frá verkunum og fylgist meira með. Í öllum hópum eru nemendur sem þurfa meiri leiðsögn og aðstoð en aðrir og þá fylgir kennari þeim hópi meira eftir. Nemendur eru líka mjög duglegir við að aðstoða hvern annan enda eru þeir hvattir til þess.

### **Valhópar**

Valhópar vetrarins voru tveir, annar 12 manna og hinn 13 manna. Hvor hópur kom einu sinni í viku í 80 mínútna tíma. Námsáætlun vetrarins var unnin í samráði við nemendur þar sem þeir fengu að nýta sér hina ýmsu miðla til að velja uppskriftir í samráði við kennara. Því miður var ekki í boði að velja humar og nautasteik en það var ýmislegt annað í boði. Nemendur í valhópum eru yfirhöfuð mjög áhugasamir og duglegir. Þeir eru orðnir nokkuð sjálfbjarga og sýna frumkvæði og metnað í eldhúsinu. Aðaláhersla á unglingsstigi var að kenna þeim að nýta hráefni sem best, kenna þeim sem flestar eldunar- og bökunaraðferðir og gera þeim grein fyrir því að allur matur kostar peninga og því mikilvægt að nýta hráefnið vel og velja skynsamlega. Nokkur áhersla var á næringarfræði en sú kennsla fór nær eingöngu fram í samræðum við nemendur.

### **Myndlist / sjónlistir**

Kennari Gígja

Unnið var sem fyrr að bættum námsárangri og námsaðlögun með jákvæðri hvatningu og lausnamiðaðri hugsun. Jafnframt einstaklingsmiðaðri vinnu við úrlausnir verkefna og samræðum um námsefni og úrlausnir.

Þessi nálgun hefur nú þegar skilað góðum árangri. Ánægja var almenn í hópunum og börnin náðu yfirleitt að vinna vel á eigin forsendum. Áhugavert var að sjá börnin verða virkari og duglegri við að aðstoða hvert annað. Verkefnavinna var sveigjanleg eftir hópum en allir fengu verkefni við hæfi. Listasaga var rauður þráður í kennslunni sem fyrr. Hún byggist á fræðslu, lestri, og samræðum um efnið.

SMT reglur voru rifjaðar upp reglulega og rætt um mikilvægi þeirra. Árangur var sjánlegur hvort sem það voru reglurnar eða aðrir þættir sem spiluðu þar inn í. Hegðunarlega séð og almennt í framkomu og einnig í umgengni við aðra. Vellíðan í tímum jókst í takti við gagnkvæma virðingu og tillitsemi. Með mikilli vinnu kennara hefur þessi árangur náðst en þarfnast þó sífelldrar endurskoðunar.

Í skólastarfinu er mikilvægt að börnin finni að þau eru þáttakendur í skólastarfinu. Byggi upp metnað og setji sér markmið sem þau vinna að með góðri aðstoð kennara. Samræður í skólastarfi hafa jákvæð áhrif á starfið og þar koma iðulega fram áhugaverðar hugmyndir og lausnir. Ekki síst þegar börnin ræða saman í hópum. Nemendaping eru þar góður umræðuvettvangur.

Margt skiptir máli í skólastarfi, gerir það auðugra og er ekki síðra nám en annað.

Skapandi námsgreinar og vinna skiptir þar miklu máli. Einnig að gera krakkana meðvitaðri um ýmis málefni sem skipta alla máli s.s. forsetakostningar þar sem þau fá að útbúa eigin kostningar. Umhverfisvitund. Hvað getum við gert til að vekja aðra til umhugsunar.

Upplýsingaöflun og verkefni unnin út frá þessari hugsun.

Auk þess eru þemadagar lærdómríkir, vettvangsferðir, útikennsla og hæfileikakeppni og síðast en ekki síst árshátíð þar sem allir fá að njóta sín á einn eða annan hátt.

Ábyrgð, virðing og vinátta eru kjörorð sem eru innhaldsrík og mikilvæg.

Engin getur allt en allir geta eitthvað.

## **Íþróttir og sund**

Kennari: Heimir Örn Árnason

Kennsla

Sýnikennsla var mikið notuð til að útskýra viðfangsefni kennslustunda. Nemendur voru látnir fást við hópavinnu, paravinnu og einstaklingsvinnu í tímum. Oft fengu nemendur líka val um viðfangsefni innan ákveðins ramma. Langmest voru notuð munnleg fyrirmæli og einnig útskýt í fámönnum hópum.

## **Námsmat**

Nemendur í 5.-10. bekk tóku próf sem reyndu á styrk, snerpu, liðleika og þol. Samráðshópur íþróttakennara á Akureyri útbjó viðmið um einkunnagjöf fyrir frammistöðu á þessum prófum og útfra þeim var frammistaða þeirra metin. 50% af einkunn nemenda réðist af þessum prófum. Aðrir þættir á borð við kurteisi, tillitssemi, virkni og að fara eftir fyrirmælum réði svo 50% af einkunn nemenda. Hjá nemendum á yngsta stigi er nemandi metinn útfra virkni hans í tímum, kurteisi, tillitssemi og hversu vel þeim gengur að hlusta á og fara eftir fyrirmælum

## **Íþróttaviðburður í skólanum:**

Íþróttadagur á miðstigi: Umsjónarkennarar á miðstigi voru með íþróttadag. Nemendur kepptu í fótbolta, kýló, bandy og körfubolta. Virkilega flott framtak hjá miðstigi.

Fótboltamót á unglíngastig: 8., 9 og 10.bekkur og kennarar. Skemmtilegt mót sem heppnaðist vel.

Yngsta stig: Nemendur á yngsta stigi hlupu einn hring í kringum skólann á hverjum morgni í ágúst og september.

Allir nemendur skólans tóku þátt í heimshlaupi UNICEF þar sem nemendur söfnuðu áheitum og hlutpu til styrktar stríðshráðum börnum í Sýrlandi og gekk vel.

### **Íþróttaviðburðir í samstarfi við aðra skóla:**

- Fótboldamót á unglíngastigi: Keppni í fótbolta í Boganum í september. Þar komu lið frá öllum skólum bæjarins og fór fram skemmtileg keppni milli skólanna. Stelpurnar áttu erfitt uppdráttar en strákarirnir í Oddeyrarskóla sem kepptu með nokkrum strákum úr Glerárskóla unnu mótið.
- Grunnskólamót í frjálsum íþróttum fyrir 4. - 7. Bekk: Í maí var keppt í frjálsum íþróttum milli skólanna á Akureyri. UFA hafði umsjón með mótinu. Skemmtilegt mót og tóku nánast allir nemendur í 4.-7. bekk þátt.
- Skólahreysti: Undirbúningur fyrir skólahreysti fór fram í tímum og eftir skóla. Mikill áhugi var fyrir keppninni og héldum við undankeppni. Liðinu gekk mjög vel og endaði í 3. sæti af 9 skólum í sínum riðli. Stuðningur hefði mátt vera betri. Það voru margir krakkar sem fóru snemma heim. Keppnin er tvær klukkustundir eða frá 13:00-15:00. Spurning hvort það sé hægt að semja um að mæta klukkutíma seinna daginn eftir?

## **Kennslan:**

Heill árgangur kemur í íþróttir í einu nema að þessu sinni var 1. bekk skipt í tvennt. Það var alveg gríðarlega mikilvægt að skipta þeim í tvennt. Þ.e.a.s að hafa 12-14 í hvorum hóp.

Ég byrjaði tímana oftast á nafnakalli. Það var alltaf sameiginleg upphitun og svo fara nemendur í smærri hópa allt eftir viðfangsefni hvers tíma.

SMT: Þrumugjöf hefur verið notuð í íþróttum í vetur. Ég hef oftast en ekki gefið þrumu á allan hópinn þegar hann hefur staðið sig vel en einnig hef ég reynt að verðlauna nemendur sem standa sig vel. Þeir nemendur sem hafa átt við samskipta- hegðunarerfiðleika að stríða hafa markvisst verið hvattir áfram með þrumugjöf og þá sérstaklega Guðný og Magnþór eftir tíma í klefanum. Athyglimerkið hefur einnig verið notað talsvert og gefist ágætlega.

Stærð íþróttahússins er smá vandamál í eldri bekkjum. Þá helst í boltaíþróttum. Ég myndi segja að hámarksfjöldi í þessum sal á unglingastigi sé c.a. 20 krakkar.

Þrátt fyrir plássleysi þá er mjög góð stemning á unglingadeild í íþróttum og virðast þau alltaf hafa gaman af íþróttum.

## **Sundkennsla**

Í vor (2016) fóru nemendur í 8. og 9. bekk á sundnámskeið sem byrjaði strax eftir páska. Krakkarnir voru þrisvar sinnum í viku á þriðjudögum, fimmtudögum og föstudögum.

Sundtímarnir eru eftir að hefðbundnum skóladegi lýkur. Með þessu móti munu nemendur vinna af sér sundtíma næsta vetrar og þess vegna verða einungis 4-5 sundtímar kenndir fyrir þessa krakka næsta vetur.

## 1. bekkur

### Kennarar: Svala og Sigrún

#### **Þemaverkefni, vettvangsnám o.fl.**

Í 1. bekk hefur verið unnið eftir hugmyndafræði byrjendalæsis en þá tókum við fyrir eina sögubók og leggjum inn bókstafi samhliða vinnu með bókina. Í raun má kalla þessa vinnu þemavinnu og í vetur höfum við tekið 18 þannig þemu út frá bókum. Þau eru: Að byrja í skóla (Asnaskólinn), Drekaþema (Mánasteinar í vasanum og Að temja drekann sinn), Skrímslaþema (Stór skrímsli gráta ekki og Skrímslapest), Þjóðsögubema (Sagan af Fóu og Fóu feykirófu og Sagan af Gýpu), eineltis- samskipta- og framkomubema (Litla lírfan ljóta, Grýlusaga og íslensku jólasveinarnir), árshátíðarþema (Píla pína), Þorraþema (Þorrablót - Kuggur 5), Samskiptaþema (Draugastrákurinn dapri), náttúruþema (Gummi og dvergurinn úrilli), Aulinn ég, ævintýraþema (Pétur og úlfurinn) og húsdýraþema (Blómin á þakinu). Í tengslum við þema um Grýlu fórum við í vettvangsferð í leikhúsið en þar var verið að sýna leikrit um Grýlu. Okkur var svo boðið að sjá Pílu pínu sem tengdist árshátíðarþemanu okkar vel. Við fórum í heimsókn á Minjasafnið í tengslum við þorraþema. Við höfum verið í samstarfi við leikskólann og farið í heimsóknir í leikskólann í tengslum það. Okkur var boðið á tónleika í Hofi (Norðurljósin) og svo höfum við núna undir vorið tekið göngutúra um Eyrina og m.a. þælt í götuheitum, farið í Lystigarðinn, í fjöruferð og í Naustaborgir. Undir vorið vorum við með húsdýraþema og í tengslum við það fórum við í sveitaferð í Mógil á Svalbarðsströnd.

#### **Bættur árangur nemenda**

Það sem við unnum t.d.með í allan vetur var að byggja upp traust, öryggi og vellíðan hjá nemendum því við trúum því að nemandi sem líður vel hann lærir vel :) Að þessu unnum við m.a. með því að nota hrós og hvatningu (munnlega og og einnig bros, þumal upp, fimmu) hlusta á sjónarmið og hugmyndir án þess að dæma, ræða saman ef eitthvað kom uppá o.s.frv.

Við fórum yfir og ræddum markmið hverrar viku við nemendur, umbunarkerfi vegna heimalesturs (límmiði fyrir hverja kláraða bók), notuðum kveikjur að þemum til að vekja áhuga og forvitni. Einnig lásu þeir nemendur sem lakast stóðu í lestri og stuðningi heima fyrir oftast fyrir kennara en aðrir nemendur. Í gegnum fjölbreytt verkefni vetrarins var unnið að því að hafa námið þannig að hver og einn nemandi næði árangri miðað við eigin forsendur, hann væri öruggur og námsumhverfið væri hvetjandi. Tekið var mið af áhuga, hæfileikum og þroska nemandans þegar verkefni voru skipulögð og reynt að aðlaga námsefnið að þessum þáttum.

#### **Námsaðlögun**

Fljótlega eftir að nemendur byrjuðu í 1. bekk var lögð fyrir stafakönnun til að við gætum áttað okkur á stöðu nemenda strax við upphaf skólagöngunnar. Mjög fljótt skiptum við 1. bekk í tvo hópa eftir stafakunnáttu og unnum með þau þannig í læsi. Í öðrum hópnum var fram eftir vetri lögð meiri áhersla á stafi, hljóð og tákn og í hinum hópnum meiri áhersla á lestur, orðaforða og ritun. Við fylgdumst reglulega með stafakunnáttu og leshraða nemenda í 1. bekk og færðum þau til í hópnum eftir þörfum. Þannig komum við til móts við getu þeirra og við teljum það hafa stuðlað að betri námsárangri og góðum framförum. Í stærðfræði tókum við



fljótt á haustönn nemendasamtöl við nemendur þar sem farið var með þeim yfir þætti á sóknarkvarða sem við studdumst við í vetur. Þannig gátum við áttað okkur á stöðu þeirra en það var ekki fyrr en eftir áramót sem við skiptum þeim í getuskipta hópa. Stuðningsfulltrúinn okkar vann oft með lítinn hóp nemenda sem þurfti meiri áherslu á samræður og orðaforða og stoðkennarinn var með meiri áherslu á sérstakan stuðning við lestrarnámið þegar hann var með okkur. Ýmist unnu þær inni bekknum eða með lítinn hóp frammi á gangi eftir því hvað var verið að gera hverju sinni.

### **Samræður í námi**

Í 1. bekk höfum við verið dugleg að nota samræður í námi, við veltum mjög oft hinum ýmsu þáttum fyrir okkur með krökkunum. Við vinnum til dæmis að lausnaleit með þeim, fáum þeirra hugmyndir um merkingu orða og hugtaka og förum í alls konar heimspekilegar pælingar með þeim t.d. út frá sögubókum og atburðum. Við höfum lagt áherslu á það að krakkarnir læri samræðureglurnar, að einn talar í einu og að nemendur reyni að grípa orðið þegar það losnar eða rétta upp hönd ef margir vilja tala í einu. Einnig höfum við kennararnir lagt áherslu á að taka öllum hugmyndum vel og passa okkur á að segja ekki „nei það er ekki rétt“ við hugmyndum krakkanna, nota opnar spurningar og biðja nemendur að útskýra af hverju eða hvernig þeir fá svarið sem þeir gefa. Við höfum þannig reynt að leggja okkur fram um að skapa þannig aðstæður að allir treysti sér til að taka þátt og leggja eitthvað til málanna. Það hefur gengið vel og krakkarnir lang flestir duglegir að tjá sig. Einnig vorum við í allan vetur og fram á vor í Stig af stigi einu sinni í viku þar sem nemendur hittust í minni hópum, æfðu sig í að leita lausna og ræða saman um ýmis félagsleg samskipti og vandamál sem upp geta komið.

### **Upplýsingatækni í skólastarfi**

Upplýsingatækni var af skornum skammti í 1. bekk. Við fórum þó í tölvustofuna til að vinna í stærðfræði tvisvar í viku og allir nemendur í 1. bekk fóru í tölvusmiðju í vetur. Við erum með eina spjaldtölvu inni bekk en tölvurnar þrjár sem voru hjá fyrst í haust reyndust allar ónothæfar og fóru í viðgerð. Okkur finnst vanta betri tækjakost og hefðum þá helst hug á fleiri spjaldtölvum eða fartölvum. Með þeim tækjum opnast möguleikar á að nýta upplýsingar, myndbönd og fleira af vef í vinnu með nemendum. Það gæti verið kostur að bekkurinn fengi sitt aðgangsorð í tölvurnar, það skapaði oft vandræði að vera á gestaaðgangi því búið var að breyta síðum í favorite sem við vorum að nota og þá tók tíma að finna réttu síðurnar. Skjávarpi er aðeins í annarri stofunni og finnst okkur brýnt að fá skjávarpa í báðar stofur.

### **SMT**

Það gekk vel að kenna krökkunum SMT reglurnar og þau voru dugleg að safna þrumum. Við héldum þrumugleði 9 sinnum í vetur. Okkur finnst að það þurfi að huga betur að nýju starfsfólki og fræðslu til þeirra í upphafi skólaárs þannig að allir starfsmenn séu að fara eftir hugmyndafræði SMT og einnig að grípa inni ef vart verður við að starfsfólk er ekki að vinna samkvæmt SMT-hugmyndafræði.

Okkur finnst mikilvægt að passað sé uppá góða mönnun í fyrstu bekkjum grunnskólans. Það hefur gengið mjög vel í vetur með þessu fyrirkomulagi sem var hér og hægt að ná vel til og sinna vel öllum þessum fjölbreytta hópi nemenda út frá þroska, áhuga og getu þeirra.



## 2. og 3. bekkur

Kennarar: Freydís og Ragnheiður Ásta

### Þemaverkefni, vettvangsnám o.fl.

- Blómin á þakinu: blóm og gróður
- Komdu og skoðu land og þjóð: þjóðgarðar, Alþingi, skjaldamerki, sköpun lands
- Sagan af Bláa hnettinum: sköpun, ævintýri, ritun
- Grýla og jólin: rím, munstur,
- Árshátíð
- Ævintýri: hlustun og lesskilningur, tjáning og framsögn
- Glókollur: stærðfræði
- Skýjað með kjötbollum á köflum: veður og matur
- Í sveitinni með Æsu og Gauta: íslensk húsdýr

### Námsárangur

Lögð er áhersla á að mæta öllum nemendum þar sem þeir eru staddir og því mikil einstaklingsmiðun í íslensku og stærðfræði.

Í upphafi skólaársins boðuðum við alla foreldra á fund þar sem við fórum yfir stöðu nemenda í lestri. Mikilvægt er að foreldrar séu meðvitaðir um stöðu barnsins síns og hver þau markmið eru sem stefnt er að í lok skólaársins. Heimilin gegna mikilvægu hlutverki í lestrarnámi barnsins síns og góð samvinna við þau skiptir miklu máli.

Unnið var með lestur á fjölbreyttan hátt í þeim þemaverkefnum sem við tókum fyrir.

Við útbjuggum sérstakt lestrarátak fyrir þá nemendur sem þurftu frekari þjálfun, átakið var 2 x 5 vikur.

Allir nemendur tóku þátt í heima lestraráskorun þar sem markmið var að hver og einn ætti að lesa í 10 mínútur á dag.

Meirihluti nemenda tók töluverðum framförum í lestri og tvöfaldaði orðafjöldann á skólaárinu. Í stærðfræði var lögð áhersla á að byggja ofan á þá þekkingu og leikni nemendanna.

Nemendur fengu tækifæri til að styrkja grunnfærni sína á meðan aðrir tókust á við krefjandi verkefni.

Í vetur höfum við reynt að koma betur til móts við þá sem eru fljótir að tileinka sér ákveðna þætti í náminu og útbúið meira krefjandi verkefni.

### Samræður í námi

Við einbeittum okkur að samræðum í stærðfræði. Byrjuðum rólega og fyrripart vetrar einbeittum við okkur að því að virkja nemendur í því að taka þátt. Allar hugmyndir voru teknar gildar og skoðuðum við svo í sameiningu hvort þær gátu gengið. Nemendur voru beðnir um að segja frá þeim leiðum sem þeir fóru í að finna svör sín og oft sáum við að það var hægt að fara nokkrar leiðir að sama svarinu. Nemendur urðu öruggari í því að taka þátt og það voru alltaf fleiri og fleiri sem létu ljós sitt skína. Þegar líða fór á veturinn þá skiptum við nemendum upp í samræðupör sem áttu að ræða saman um ákveðna þætti. Það hjálpaði nemendum að hafa miða með upphafspunktum. Það sem þarf að huga að er að taka lítil skref og leyfa nemendum að öðlast öryggi í sem verið er að gera áður en farið er í að bæta ofan á það.

### **Upplýsingatækni í skólastarfi**

Við höfum nýtt ýmsa námsleiki sem styðja við þá námsþætti sem unnið var með. Tæknin hefur verið nýtt til að aðstoða nemendur sem eiga við lestrarörðugleika s.s. hljóðbókasafn og easy tudor. Í þemaverkefnum höfum við nýtt veraldarvefinn í upplýsingaöflun og í eitt skipti bjuggu nemendur til spurningakeppni í kahoot. Nemendur fengu tækifæri til að vinna ritunarverkefni í tölvu.

Það sem þarf að huga að er að hægt sé að komast á netið í öllum tölvum, alls staðar og búnaður sé í lagi þegar farið er að vinna með hann og fullhlaðinn. Því er mikilvægt að velta fyrir sér að hafa umsjónarmann með tækjabúnaði.

### **SMT**

Það gekk ágætlega að fylgja árshjólinu og æfa þá þætti sem þar voru settir upp. Eftirfylgdir var góð þar sem minnt var á nýja þætti vikulega.

### **Annað sem þér finnst skipta máli í skólastarfinu.**

Það er aldrei of mikil áhersla lögð á samstarf og samvinnu við foreldra. Foreldrar gegna lykilhlutverki í námi barna sinna og vilja gjarnan vera þátttakendur í því, það er okkar að koma með verkefni og leiðir til þess að aðstoða fólk við það.

## **4. bekkur**

Kennari: Sólveig Styrmsdóttir

### **Þemaverkefni, samþætting íslensku, samfélags - og náttúrufræði ásamt myndmennt og upplýsingamennt:**

#### **Iðnir krakkar**

Í þessu þema var lögð áhersla á iðnmenntun/starfsheiti og sjálfstæð vinnubrögð. Nemendur lásu bókina *Iðnir krakkar* eftir Sigrúnu Eldjárn og unnu ýmis íslenskuverkefni tengd markmiðum vetrarins. Lögð var áhersla á sjálfstæð vinnubrögð, nemendur voru með flettisþjöld með verkefnum sem þeir ákváðu í hvaða röð þeir myndu vinna. Námsráðgjafi kom með starfsfræðslu en einnig fórum við í eftirminnilega og stórskemmtilega heimsókn í Verkmenntaskólann.

#### **Eyrin okkar**

Hér var áhersla á grendarkennslu. Við lásum bókina *Komdu og skoðaðu landakort* en einnig unnum við með kortabækur og landakort. Við útbjuggum kort af Eyrinni sem við hengdum upp á vegg. Síðan gegnum við göturnar hér á Eyrinni og merktum inn á kortið okkar heiti á götunum eftir hverja ferð. Þannig náðu nemendur betri tökum á höfuðáttunum fjórum, áttuðu sig betur á númerum húsa og ólíkum gerðum þeirra. Nemendur unnu skemmtileg ritunarverkefni eins og *Leiðin mín í skólann*. Í tengslum við þetta þema heimsóttum við Minjasafnið en þar var sýning á landakortum, bæði gömlum og nýjum.

## Himingeimurinn

Nemendur lásu bókina *Komdu og skoðaðu himinngeiminn* ásamt fræðibókum um sama efni. Nemendur unnu hugtakakort um hverja plánetu og útbjuggu verkefnabók. Einnig unnu þeir í paravinnu ritunarverkefni í tölvum um þar sem hvert par fékk eina plánetu til að vinna með. Nemendur útbjuggu einnig stóra mynd af himinngeimnum sem fór upp á vegg.

## Jólapema

Þessi jólin unnum við með litla kverið hans Jóhannesar úr Kötlum. Börnin lásu vísurnar um jólasveinana og unnu síðan í pörum teiknimyndaverkefni um sveinana. Sérstök áhersla var lögð á vísurnar um Jólaköttinn og lærðu börnin allar vísurnar utanað. Söngurinn var tekin upp og var jólagjöf barnana til foreldra sinna þessi jólin. Við heimsóttum Minjasafnið og skoðuðum gömul jóladagtöl, kennarinn las bókina um Jólastubb, við heimsóttum Akureyrarkirkju og skoðuðum jólaljósinn á Eyrinni.

## Árshátíðin

Árshátíðin er eiginlega sér þema þar sem áhersla er lögð á framkomu og tjáningu. Nemendur æfast í að koma fram og bæta framburð sinn. Þeir læra marga söngtexta utanað ásamt textanum fyrir sína persónu í leikritinu. Sérlega lærdómsríkur tími sem var einstaklega skemmtilegur þetta árið. En einnig unnu nemendur ýmis lesskilnings - ritunar og málfræðiverkefni.

## Íslandsþema

Hér var áhersla á ritun, upplýsingamennt og tjáningu. Nemendur lásu bókina *Komdu og skoðaðu land og þjóð*, ásamt því að afla sér upplýsinga úr fræðibókum og af netinu. Nemendur unnu í sérfræðihópum verkefni um ár, jökla, fossa og vötn. Einnig unnu þeir einstaklings verkefni um fjöll og síðar um þéttbýlisstaði. Nemendur unnum með stórt kort af Íslandi sem þeir lituðu og merktu inn á þau örnefni og þéttbýlisstaði sem þeir höfðu unnið með. Einnig teiknuðu þeir sitt Ísland og notuðu sem snið til að sauma eftir. Nemendur unnu ritunarverkefni í tölvum um eyjar við Íslandsstrendur. Þjóðfáninn, þjóðbúningar, þjóðsöngurinn og lýðveldið var skoðað en síðasta verkefnið var um þjóðgarða en það var hópaverkefni. Afar lærdómsríkt og skemmtilegt þema.

## Gummi og huldufólkið

Hér var áhersla á upprifjun á þeim málfræði- og ritunarpáttum sem lagðir hafa verið inn á yngstastigi ásamt lestri. En einnig var áhersla á sjálfstæði í vinnu. Kennarinn las bókina *Gummi og huldufólkið* og nemendur unnu síðan ýmis málfræði og ritunar verkefni sem kennarinn hafði útbúið og þeir merktu síðan inn á sérstakt eyðublað eftir hvert verkefni. Eitt af verkefnunum var að lesa bókina í paralestri.

Ásamt þessu var ýmislegt sem við tókum okkur fyrir hendur í vetur. En þar má nefna samræmd próf í íslensku og stærðfræði. Litla upplestrarhátíðin og lestrarhvetjandi verkefnið Fágæti og furðuverk. Öll þessi verkefni leystu nemendur með miklum sóma þar sem jákvæðni og metnaður var í fyrirrúmi.

## **Bættur námsárangur nemenda og námsaðlögun**

Nemendur í 4. bekk þreyttu samræmd próf í íslensku og stærðfræði. Þeir stóðu sig með mikilli þryði og var athyglisverður árangurinn sem þeir náðu í ritunarþættinum í íslensku. Þar voru 6 nemendur með einkunnina 9 og 1 nemandi með 10!

Í stærðfræði voru 15 nemendur sem tóku prófið og af þeim voru 9 nemendur með 8,5 eða hærra, sérlega vel gert.

Stór hluti af þessum góða árangri er sú mikla hvatning sem nemendur fengu í aðdraganda prófsins. Þau mættu hress og kát til leiks og upplifðu prófin sem skemmtilega áskorun. Í þeirra minningu var þetta svona "hún hvatti okkur svo mikið að okkur gekk mjög vel, það voru örugglega margir sem náðu 8 komma eitthvað, sumir 9 komma eitthvað og örugglega 10 komma eitthvað"

Mikill metnaður hefur verið lagður í að bæta námsárangur allra nemenda og fylgjast með því að öllum fari fram í náminu. Eins og áður sagði tóku nemendur samræmt próf og voru niðurstöður úr því notaðar til ákveða framhaldið. Einnig voru önnur stöðluð próf ásamt könnunum, leiðsagnarmati og símati. Verkfæri úr PMTO eins og virknimat var einnig notað með góðum árangri. Guðrún sem kom að bekknum nokkra tíma á viku notaði sína tíma oft til sérkennslu, sérstaklega við stuðning í stærðfræði en einnig til að bæta hugtakaskilning þeirra nemenda sem eiga annað móðurmál. Nemendur fengu tækifæri til að vinna í ólíkum hópum að ólíkum viðfangsefnum sem hefur þroskað þá sem námsmenn og verður þeim gott veganesti fyrir næsta stig.

## **Samræður í kennslu**

Samræður vetrarins fóru að mestu fram á bekkjarfundum. Þrátt fyrir sérlega góðan hóp voru ýmis mál sem þurfti að kryfja og fór mikill tími í samræður og lausnaleit á samskiptum nemenda. Mikill og góður árangur náðist með hópinn og voru nemendur orðnir meðvitaðir um eigin kosti og galla í samskiptum og ófheimnir að ræða þá. Markmiðið var að efla einstaklingana og fá alla til að taka þátt og virða ákveðnar samskiptareglur.

## **Upplýsingatækni í kennslu**

Upplýsingatækni var nýtt í vetur. Nemendur fengu kennslu í upplýsingamennt í smiðjum en einnig átti bekkurinn einn fastan tíma á viku í tölvustofu þar sem þeir feng kennslu í google-umhverfinu. Í þemanu um himinngheiminn og í Íslandspemanu var upplýsingatækni fléttað inn í námið með góðum árangri.

## **SMT**

Ásamt hefðbundinni upprifjun á SMT reglum fór kennarinn á PMTO námskeið sem nýttist mjög vel í kennslunni og lék virknimat þar stórt hlutverk.

Nemendur eru mjög meðvitaðir um reglur skólans og fara eftir þeim í langflestum tilvikum. Verkfærin úr SMT nýtast mjög vel til að viðhalda góðri bekkjarstjórnun.

13. júní 2016

Sólveig Styrnisdóttir

## **Sérkennsla/námslegur stuðningur á yngsta stigi**

Kennari: Guðrún Jóhannesdóttir

### **Unnið að bættum námsárangri**

Nemendur, í 1. bekk, með annað móðurmál en íslensku fengu sérstakan stuðning. Þeim var oftast sinnt utan kennslustofu. Unnið var að því að auka orðaforða og skilning. Áherslan var á hugtök tengd persónu barnsins, nánasta umhverfi, fjöldskyldunni og skólanum. Ýmsar leiðir voru farnar og fjölbreytt námsefni notað.

Unnið var að því að efla félagsþroska með áherslu á samvinnu í gegnum spil og leiki.

Námsefnið Orðagull reyndist vel til málörvunar og orðaforðavinnu. Hrós var notað þegar nemendur stóðu sig vel og tilgangurinn að efla með nemendum trú á eigin getu.

Skimunarprófið Leið til læsis og Læsi 2 og 3 var lagt fyrir nemendur 1. bekkjar, auk stafakannana. Niðurstöður voru notaðar til sjá stöðu nemenda og meta hverjir þyrftu á frekari stuðningi að halda. Niðurstöður skimunarprófsins bentu til að nokkrir nemendur gætu lent í erfiðleikum með lestrarnám og mikilvægt væri að grípa sem fyrst inn í. Lítil hópur nemenda fékk aðlagð námsefni og endurinnlögn stafa og hljóða. Þeir nemendur fengu frekari æfingar til að efla hljóðkerfisvitund og þokuðust þeir nokkuð á leið í lestrarnámi sínu. Stuðst var við handbókina: Leið til læsis.

Nokkrir nemendur í 4. bekk fengu sérstakan stuðning í stærðfræði. Nemendur upplifa vaxandi vanda bæði í lestri og stærðfræði. Það er mikilvægt að grípa fyrr inn og styrkja nemendur og vinna með vandann. Það þarf einnig að ná góðri samvinnu við foreldra um vinnu og þjálfun heima fyrir. Mikilvægt er að setja fram markmið og kröfur og láta í ljósi hvaða væntingar við höfum til nemenda og getu þeirra og efla með þeim þrautseigju og trú á eigin getu.

Nemendur með annað móðurmál en íslensku skortir oft skilning á hugtökum sem tengjast landi og þjóð og standa því ekki jafnfætis jafnöldrum. Þeir fengu stuðning utan kennslustofu þar sem unnið var með orðaforða og lesskilning. Svo virðist sem þeir skilji oft minna en við höldum og eiga það til að misskilja fyrirmæli og leiðbeiningar. Því reyndist vel að láta nemendur endurtaka fyrirmæli til að tryggja að þeir skildu hvað um var að vera.

### **Samræður í námi**

Lítið fór fyrir skipulögðum samræðum í kennslu. Notaðar voru leiðir sem gott er að fara til að hrista saman hóp. Það væri hægt að nota fleiri leiki og aðferðir til að efla bekkjaranda og samkennd sem er gríðarlega mikilvægt verkefni. Huga þarf að líðan nemenda og leiðum til að skapa traust innan nemendahóps. Mikilvægt er að fá nemendur til að hlusta á aðra og virða skoðanir annarra.

### **Upplýsingatækni í skólastarfi**

Nemendur unnu verkefni á [nams.is](http://nams.is), aðallega tengt lestri og stafavinnu. Nemendur nýttu sér smáforrit á Ipad tengd lestri og stafavinnu og eflingu orðaforða. Hægt væri að nýta betur þjálfunarefni á heimasíðu skólans.

### **SMT**

Flestir nemendur hafa reglur SMT á valdi sínu en oft þarf að minna þá á. Sé þeim gefið val taka þeir yfirleitt valinu. Mikilvægt er að allir sem koma að sama hóp hafi svipaðar áherslur

eða leiðir til að bregðast við nemendum með erfiða hegðun. Muna þarf eftir hrósinu, að hrósa nemendum þegar þeir standa sig vel.

### **Vorskýrsla miðstigs veturinn 2015-2016**

Kennarar miðstigs: Anna Lilja, Kristín Bergþóra, Margrét Th., Herdís, Rósa Hrefna.

Í upphafi skólaárs voru nokkrar breytingar á miðstigi en þar voru tveir kennarar í afleysingum, annars vegar umsjónarkennari og hins vegar sérkennari. Í heild störfuðu því fimm kennarar á stiginu með sérkennara og auk þess einn stuðningsfulltrúi. Gerð var tilraun til að samþætta að öllu leyti íslensku og samfélagsfræði í fyrsta sinn og kennslan fór fram á bekkjargrundvelli. Upplýsingatækni og íþróttir voru einnig bekkjaskipt en náttúrufræði, enska og stærðfræði voru kennd í aldursblönduðum hópum. Umsjón var aldursblönduð, fjórir umsjónarkennarar höfðu að meðaltali 13 börn í umsjón óháð bekkjum. Þá hafði sérkennari umsjón með 5 nemendum.

Í náttúrufræði var lögð áhersla á fjölbreytta kennsluhætti og fjölbreytt verkefni. Kennari kynnti og vann með ýmis hugtök í náttúruvísindum til að efla skilning og áhuga nemenda á efninu. Farið var í vísindaleg vinnubrögð, lífríkið í fersku vatni á Íslandi tekið fyrir nokkuð ítarlega ásamt bókinni *Auðvitað - heimilið*. Markmiðið með þeirri vinnu var meðal annars að nemendur gætu bent á algeng efni á heimilum og í samfélaginu, sagt frá notkun þeirra og áhrif á heilsu manna og umhverfi. Einnig var rafmagn tekið fyrir í þemavinnu og skoðaðir margir fletir á því auk þess að gera verklegar æfingar.

Stærðfræðikennsla var með nokkuð hefðbundnu sniði í vetur. Unnið var samkvæmt markmiðum í átta lotum sem dreifðust á skólaárið. Hóparnir voru þrír og kennt var í rúllum á móti náttúrufræði og ensku. Helsta breytingin frá fyrri árum var að hlutbundin vinna í stærðfræði fékk aukið vægi og var reynt að hafa eina kennslustund í hverri viku eingöngu fyrir hlutbundna vinnu. Hóparnir voru minna aldursblandaðir en fyrri ár, t.d. var fyrsti hópurinn nánast eingöngu 7. bekkur. Í hinum tveimur voru aðallega 5. og 6. bekkur blandaðir. Tveir kennarar sáu um stærðfræði þennan veturinn eins og áður. Að okkar mati næst faglegri vinna og betri yfirsýn með þeim hætti og því algert lykiltríði að hafa tvo kennara í stærðfræði áfram auk þess sem betri árangur næst fyrir nemendur sem þurfa sérstuðning.

Enska var kennd í blönduðum námshópum sem skipt var í eftir getu. Hóparnir voru fjórir, einn af þeim var lítil sérkennsluhópur. Kennsluefnið Action var notað í 6. og 7. bekk en það er mjög aðlaðandi og áhugavert námsefni sem samanstendur af lesbók og vinnubók. Lesbókin er þannig uppbyggð að í henni eru margvíslegir lestextar sem bjóða upp á mikla möguleika og var reynt eftir fremsta megni að hafa tímana fjölbreytta og lifandi. Vinnubókin var notuð með til stuðnings en megináherslan var á lestur, hlustun og skapandi ritunarverkefni, gjarnan í þemum tengdum lestextum bókarinnar. Sem dæmi um þemu má nefna heilbrigði og hollustu í Hópi 2 en þar unnum við mikið með hreyfingu, mataræði og fleira tengt lífsstíl. Í Hópi 1 var unnið með þemun "Frægir einstaklingar í sögunni" og "Ferðalög og spennandi áfangastaðir". Unnu nemendur meðal annars veggspjöld, ritunarverkefni í Google Classroom, glósuspjöld og horfðu á kennslumyndbönd.

5. bekkur vann með námsefnið Speak Out og Work Out sem eru lesbók og vinnubók. Þau unnu verkefni tengd námsefninu s.s. veggspjöld og spil. Eftir áramót vann 5. bekkur í Build Up auk verkefna á vef og Google Classroom. Sérkennsluhópur vann að miklu leyti sjónræna



vinnu og horfði á myndbönd, æfði sig að skrifa einföld orð og einnig að lesa og bera fram algeng ensk orð. Þau voru mikið með 5. bekk í verkefnum á Google og vef.

Í dönsku í 7. bekk var notast við efnið Start, bæði lesbók og vinnubók. Unnið var með þær bækur á fjölbreyttan hátt, m.a. glósað, samræður og vinnubókarvinna. Auk þess hlustuðum við á vinsæl dönsk lög og sáum nýlega danska barnamynd, Krummerne og nemendur skrifuðu stutta lýsingu á henni.

Íslenskan var samþætt við samfélagsfræði að nokkrum hluta og unnið var bæði í blönduðum hópum og á bekkjargrundvelli. Áherslan var á ritun og lestur. Ritunarverkefni voru oft tengd samfélagsfræði og jólaþemað var „Þjóðsögur og ævintýri“ tengd jólunum. Nemendur í öllum bekkjum unnu áhugasviðsverkefni þar sem nemendur skrifa stutta ritgerð um áhugasvið sitt. Mismunandi ritunarform voru skoðuð s.s frásögn, saga, auglýsingar, fréttatilkynningar og fleira. Nemendur unnu verkefni í hverju formi fyrir sig og gerðu grein fyrir því ýmist skilað til kennara eða lesið upp fyrir samnemendur Bókaskýrsla var gerð úr heimalestrarbók og nemendur í 7. bekk gerði auk þess kjörbókarritgerð. (skilað á Classroom)

Farið var í PALS á vorönn og gekk það nokkuð vel. Til uppfyllingar unnu nemendur í verkefnabókum, s.s. Skinnu, Skræðu, Skruddu og Málrækt.

- 5. bekkur fór í Leif heppna, Ísland-veröld til að njóta, Hindú og Kristni.
- 6. bekkur fór í Snorra Sögu, Sögueyjuna 1, Norðurlönd, Íslam og Gyðingdóm
- 7. bekkur fór í Sögueyjuna 2, Evrópu, Gyðingdóm og Shika

Allir bekkirnir undirbjuggu líka árshátíðaratriði, frumsamið og æft.

Allt þetta efni var unnið í þemum og tengt inn í íslenskuna að einhverju leyti. Gerð voru veggspjöld, kynningar, rafrænt efni, unnið á Classroom og 7. bekkur útbjó ferðalag um Evrópu í hópavinnu þar sem takmarkið var að gera ferðina nógu aðlaðandi til þess að samnemendur myndu vilja kaupa hana.

Okkur finnst það hafa gefist vel að samþætta íslensku og samfélagsfræði og hyggjum á enn fastara skipulag á þeirri vinnu næsta vetur. Þá kom ýmislegt skemmtilegt út úr samvinnu okkar við MSHA og hlökkum við til að nýta okkur þær hugmyndir í kennslunni.

Í Upplýsingatækni var tekist þó nokkuð á við nýjungar í vetur, það sem helst ber að nefna eru forritun og heimasíðugerð. Við byrjuðum á forriti sem heitir Scratch og byggir á “kubbakóðun”. Það gekk nokkuð vel en í byrjun desember tókum þátt í verkefni sem heitir “The Hour of Code” sem er ætlað sem hvati fyrir stelpur til að stíga sín fyrstu skref í forritun. Þetta verkefni gekk framur vonum og tóku allir nemendur miðstigs þátt. Í framhaldi af verkefninu nýttum við okkur síðu félagsins (code.org) sem er tilvalinn fyrir byrjendur í forritun. Þegar líða tók á veturinn færðum við okkur yfir í Alice sem reynir aðeins meira á læsi í efninu. 7. bekkur fékk einnig að spreyta sig í heimasíðugerð og gekk það nokkuð vel, því verkefni er ekki lokið heldur erum við einungis búin að taka fyrstu skrefin í þeim heimi. Það var ýmislegt fleira sett í reynslubankann í vetur, nemendur tóku m.a. upp myndbönd og lærðu hvernig á

koma þeim á milli tækja og hengja á sín einkasvæði, við bættum við kunnáttu okkar í Classroom og efdum rafrænt nám í gegnum þann miðil til muna. Einnig voru unnin ýmiskonar verkefni s.s. ritgerðir, skýrslur, kynningar og margt fleira. Á vordögum unnum við þemaverkefnið Orka og umhverfi og þar reyndi töluvert á upplýsinga- og tæknikunnáttu nemenda. Sett voru fyrir verkefni og höfðu nemendur frjálssar hendur um úrvinnslu en öllum verkefnum átti að skila inn á Classroom. Þetta gekk gríðarlega vel og einstakt að sjá hve dugleg og óhrædd þau eru að prófa sig áfram.

Bekkirir tóku þátt í ýmsum verkefnum sem eru fastir liðir í skólalstarfinu. Sem dæmi má nefna:

- ❑ 5. bekkur tók þátt í söfnunarverkefni á vegum ABC barnahjálpar sem felur í sér að ganga í hús á Eyrinni og safna peningum.
- ❑ 6. bekkur fer árlega í ferð með Húna og fræðist um sjávarútveg, lífríki sjávar og rennir fyrir fisk og tókst þessi ferð mjög vel.
- ❑ Reykjaferð 7. bekkjar er alltaf stór stoð í náminu á miðstigi. Þessi ferð var farin strax í upphafi skólaárs og Stína umsjónarkennari fór með hópnum ásamt kennaranema og stuðningsfulltrúa. 7. bekkur eyddi degi með Bónda við mikinn fögnuð. Einnig tók 7. bekkur upp samstarf við verðandi vinabekk sinn, 1. bekk og fór með þeim í göngu í Lystigarð þar sem vinapörin hittust í fyrsta sinn.
- ❑ Allir bekkir á miðstigi tóku þátt í verkefninu “ The Hour of Code”.

Allir bekkir fóru í PALS lestrarþjálfun í 12 vikur og sýna niðurstöður hraðlestrarmælinga fram á að langflestir bættu verulega við sig í atkvæðafjölda í lestri á meðan á þjálfuninni stóð. Lesskilningur einstaka nemanda var einnig marktækt hærri við lok PALS þjálfunar en í upphafi vetrar en þær niðurstöður eru ekki eins skýrar og afgerandi og atkvæðafjöldinn.

Í vetur höfum við verið í samstarfi við Miðstöð Skólaþróunar við Háskólann á Akureyri, MSHA, um inntak og aðferðir við íslenskukennslu. Ráðgjafi á vegum MSHA hefur heimsótt okkur aðra hverja viku í allan vetur með það að markmiði að bæta íslenskukennslu og íslenskunám á miðstigi. Þeir þættir sem helst hafa verið til umfjöllunar eru ritun, málnotkun, málvitund, leiðir til að auka orðaforða nemenda, bæta lesskilning og lestraráhuga. Kennarar hafa fengið gott tækifæri til að vinna saman að mótun kennsluáætlana og hugmynda í samstarfi við ráðgjafa til að stuðla að enn betri árangri nemenda í íslensku í Oddeyrarskóla.

### **Unnið að bættum námsárangri**

Hugtakaskilningur, hlutbundin stærðfræði vikulega, leiðsagnarmat, aldursblöndun, hvetjandi námsfyrirkomulag fyrir sterka nemendur í stærðfræði, samstarf við MSHA Reynt var að efla nemendur í rafrænu námi í Google Classroom og öðrum forritum. Nemendur voru hvattir til að nýta sér tæknina við úrvinnslu verkefna og markvisst unnið að því að kenna þeim leiðir til þess. Einnig var reynt að auka á bjargir nemenda á rafrænan hátt m.a. voru útbúin kennslumyndbönd sem nemendur gátu nýtt sér til aðstoðar í stærðfræði.

### **Samræður í námi**

Í upphafi settumst við niður og ræddum hvernig við sæjum fyrir okkur samræðuna. Við ákváðum að byrja inni í lífsleiknitímunum og fá nemendur til að útbúa sér samræðureglur.

Gerðar voru æfingar til að festa þær í sessi. Áfram var unnið í samræðuverkefnum í lífsleiknitímum. Með tímanum fór samræðuaðferðin að festast örlítið í sessi og samræða milli nemenda fór að verða auðveldari inni í öðrum fögum. Nemendur fá meira rími til að ræða sín á milli, segja skoðun sína og ræða annarra skoðanir. Þetta hefur gefið nemendum tækifæri til að efla sjálfstraust sitt til að tjá sig og einnig átta þau sig á því að fólk hefur ólíkar skoðanir og það er allt í lagi. Okkar hlutverk er að gefa þeim þetta svigrúm til að tjá skoðanir sínar og virða skoðanir annarra.

### **SMT áherslupættir**

Framan af vetri gekk okkur vel að halda áætlun og fylgja árshjólinu, það verður því miður að viðurkennast að við höldum ekki dampi út veturinn. Okkur gekk nokkuð vel að halda orðræðu SMT á lofti og þrumugjafir voru í meðallagi, dreifing á þeim hefði þó mátt vera jafnari yfir skólaárið. Það sem við þurfum einna helst að hafa í huga er að vera samtaka í vinnu við árshjólið, kannski þarf ein af okkur að vera leiðandi í þessum efnunum og minna á.

### **Þemaverkefni - vettvangsnám:**

Það hefur lengi verið á áætlun hjá okkur á miðstigi að setja veturinn upp í nokkrum mismunandi þemum að fyrirmynd Byrjendalæsis. Við ákváðum að stíga fyrstu skrefin í þemavinnunni með því að búa til vorverkefni sem myndi gera síðustu tvær kennsluvikurnar áhugaverðar og spennandi í augum nemenda og kennara. Upphaflega hugmyndin var að spinna stórt verkefni út frá markmiðum í öllum námsgreinum með áherslu á tölfræði. Sú hugmynd þróaðist svo fljótt og varð að flottu samþættu verkefni, *Orka og umhverfi*. Tekin voru fyrir markmið úr öllum námsgreinum og áhersla lögð á fjóra þætti, eldsneyti, vatn, jarðvarma og raforku. Við fengum leyfi til að nota innlenda dagskrárgerð frá N4 en þau framleiddu þættina Orka landsins sem sýndir voru á sjónvarpsstöðinni nýverið. Nemendum var skipt upp í fjögurra manna hópa sem leystu ýmis verkefni, fóru í tvær vettvangsheimsóknir, bjuggu til myndbönd, skrifuðu texta, tóku myndir og gerðu hugtakakort og skiluðu frá sér með rafrænum hætti í gegnum Google Classroom. Við skipulagningu verkefnis nutum við leiðsagnar ráðgjafa frá MSHA og fengum tækifæri til að prófa ýmsar aðferðir og leiðir sem kynntar hafa verið í vetur. Með þessu verkefni má því einnig segja að við séum að þróa ýmsar kennsluaðferðir og leiðir til að auka orðaforða nemenda, efla hugtakaskilning ásamt því að vekja til umhugsunar um náttúru, líf og samspil mannsins við viðkvæma hringrás lífsins.

Það sem helst hefði mátt vera betra var aðgengi allra nemenda að tölvum. Hægt hefði verið að bjóða nemendum að koma með sín eigin tæki að heiman en einnig hefðu kennarar getað skipulagt úrvinnslu með öðrum hætti, t.d. að skipta betur niður tíma nemenda í tölvuveri. Samskipti stúlkna, samræðuverkefni stúlkna í 7. bekk. Stúlkur í 7. bekk eru 17 talsins, þetta er stór og fjölbreyttur hópur sem hefur það sterka sérkenni að ná vel saman. Miklar breytingar hafa orðið á bekknum í vetur, margir nýjir nemendur hafa bæst í hópinn. Stúlkurnar kölluðu eftir tíma fyrir sig til að ræða málin og fá að kynna betur. Þessum óskum var mætt með fundum tvisvar sinnum í viku þar sem unnið var m.a. með sjálfstyrkingu og samskipti almennt.

Verkefnið gekk vel og vonum við að haldið verði áfram með verkefnið að einhverju leyti næsta vetur og að drengirnir í bekknum fái einnig þetta sama tækifæri.

### **Annað sem okkur finnst skipta máli í skólastarfinu:**

Við veltum fyrir okkur nokkrum lykilþáttum sem hafa mikil áhrif á starf okkar á miðstigi og tengjast námi og kennslu. Í fyrstu ber að nefna að við höfum verið að prófa okkur áfram með blöndun í árganga og lítið á nemendahópinn sem námshópa í stað árganga. Það hefur gefist mjög vel og við nýtum okkur margvíslega kosti þess að hafa aldursblöndun, t.d. aukinn vinnufriður, fleiri einstaklingar fá notið sín og nemendur sýna oft öðruvísi hæfni og vinnubrögð þegar þeir vinna ekki eingöngu með sínum jafnöldrum.

Samvinna hefur líka mikil áhrif á okkur, meðal nemenda en ekki síst samvinna kennara. Við upplifum meiri stuðning, faglegri vinnu og betra utanumhald og kennslu fyrir alla nemendur. Að lokum ber að nefna aðgengi að búnaði og interneti sem okkur finnst skipta miklu máli í námi og kennslu barna á miðstigi í Oddeyrarskóla. Við teljum okkur hafa verið nokkuð vel sett varðandi tæknimál, t.d. hvað varðar tölvur, spjaldtölvur og ýmsan tæknibúnað en lengi má gott bæta. Skipulag námsins hefur tekið mið af tölvukosti skólans og mikill tími fer í að standsetja búnað til einfaldrar notkunar. Því horfum við björtum augum til næsta skólaárs með tilliti til þess að hér verði notendavænni búnaður sem bara virkar til hvers lags smáverkefna. Netaðgengi er ekki alltaf með besta móti í miðgangi og hugsanlega mætti leysa það með fleiri punktum fyrir þráðlaust net. Við teljum okkur samt sem áður hafa unnið mjög gott starf í samþættingu upplýsingatækni í skólastarfinu og munum bæta okkur enn frekar í framtíðinni.

### **Vorskýrslur kennara í unglingadeild**

Kennarar: Margrét Helgadóttir, Hrafnhildur Guðjónsdóttir, Rakei Óla Sigmundsdóttir og Hjördís Stefánsdóttir.

### **Þemaverkefni, vettvangsnám o.fl.**

Þemaverkefni á unglingastigi voru í blandtímum þar sem 8.-10. bekkur vann saman að verkefnum. Byrjað var á kassabílagarð þar sem allir nemendur hönnuðu kassabíl og smíðuðu svo út frá teikningum. Of margir voru í verkefninu í einu og smíðastofan lítil og erfitt að fá efni þannig að verkefnið tókst ekki sem skyldi en nokkrir eljusamir kláruðu verkefnið og gáfu frístund kassabílinn. Næsta hugmynd var að setja upp leikrit á unglingastigi og komust nemendur misjafnlega langt í sínum verkefninu þar sem áhugi var ekki nægur hjá sumum hópum, jól og árshátíð á næsta leiti og verkefnið því sett til hliðar. Ákveðið var síðan að fara á fullt í samræður á unglingastigi og má lesa nánar um það verkefni hér að neðan.

Vettvangsnám var að mestu í haust og nú í vor þar sem farið var m.a. á Krossanesborgir, að Glerá þar sem straumhraði og hitastig var fundið og einnig í Lystigarðinn og tengdust þessar ferðir að mestu náttúrufræði. Í samfélagsfræði tóku nemendur í 8. bekk viðtal við einhvern sem hafði upplifað stríðsárin á Íslandi 1939-1945. Í 9. bekk tóku nemendur viðtal við fullorðinn einstakling um jafnrétti.

Unnið var vorverkefni í stærðfræði í 10. bekk þar sem nemendur réðu hvaða efni þau myndu kynna sér betur og þurftu að tengja stærðfræði við efnið. Þau þurftu svo að kynna verkefnið fyrir samnemendum, foreldrum og starfsmönnum skólans. Verkefnin voru fjölbreytt m.a. tölfræðirannsókn, viðtöl um stærðfræðinotkun, fjármál unglunga, stofnun fyrirtækja, gerð líkans ofl.

Í náttúrufræði voru gerðar ýmiskonar tilraunir bæði úti og inni, bílar hannaðir sem voru knúnir áfram af mótorum og lofti, símar og örbyljuofn rifnir og skoðaðir. Mörg þemaverkefni voru unnin í tungumálum á árinu þar sem mikil áhersla var lögð á samvinnu. Verkefnin voru fjölbreytt og að mörgu leyti samtvinnuð samfélagsfræði.

## **Unnið að bættum námsárangri nemenda**

Við á unglíngastig höfum mikla trú á nemendum okkar hvar sem þeir eru staddir í námi og vinnum við þannig að bættum námsárangri. Einnig vinnum að því að nemendum líði vel í skólanum og hafa gaman af því að vera í Oddeyrarskóla. Þannig teljum við að best sé að ná fram því besta hjá hverjum nemenda og auka þannig námsárangur þeirra. Með áhugahvetjandi efni.

## **Námsaðlögun**

Mikilvægt er að mæta hverjum nemanda eins og hann er staddur en jafnframt að ögra honum til þess að hann reyni alltaf sitt besta.

Stærðfræði: Nemendur reikna mismörg dæmi, eru í léttara efni og taka kannanir ýmist munnlega eða með lengri tíma. Unnið var með hugtakabók sem nemendur áttu að geta nýtt sér í allan vetur, bæði í tíma, við verkefnavinnu og í könnunum.

Tungumál: Nemendur leysa miserfið verkefni, eru í léttara verkefni og ekki gerð sama krafa á ritunarpáttinn og hjá öðrum. Í einstaklingsverkefnum var tekið tillit til þeirra sem hafa ekki forsendur til að skila verkefninu eins og til er ætlast.

Íslenska: Fjölbreytt verkefni sem miða að þörfum hvers og eins. Mest hópavinna í misjafnlega stórum hópum þar sem hópurinn ræður sjálfur hvernig hann skilar verkefninu.

Samfélagsfræði: Allir nemendur lásu efnið en unnu mikið í hópum þar sem sterkir nemendur drógu oft vagninn. Í einstaklingsverkefnum var tekið var tillit til þeirra sem hafa ekki allar forsendur til að skila verkefninu eins og til er ætlast.

Náttúrufræði: Nemendur höfðu val um á hvaða formi þeir skiluðu verkefnum sem fór eftir getu og áhuga hvers og eins. Nemendur unnu líka oft í hópavinnu þar sem missterkir nemendur hjálpuðust að. Námsmat var fjölbreytt.

## **Samræður í kennslu**

Samræður voru skipulagðar af kennurum. Nemendur fengu stundum spurningar til að svara eins og hvað einkennir góðan skóla, eða spurningar sem tengdust því fagi sem kennt var í það skiptið. Nemendur fengu klípusögur sem virkuðu vel. Matsblöð fylgdu samræðunum þar sem nemendur gátu séð til hvers var ætlast af þeim og metið sig í lok tímans.

Til þess að ná sem mestum árangri þá þarf að notast við efni sem nemendur hafa skoðun á eða áhuga á annars er það dæmt til að mistakast. Klípusögurnar virkuðu best en erfiðast var að ræða efni t.d. eins og kynlíf í 8. bekk

Samræður voru einnig notaðar í samfélagsfræði og náttúrufræði. Mjög vel gekk að virkja nemendur í 9. og 10. bekk en erfiðara var að ná upp góðum samræðum í 8. bekk þar sem flestir voru virkir og hlustuðu á hvort annað.

## **Upplýsingatækni í skólastarfi**

Reynt var að nýta upplýsingatækni eins mikið og hægt var í starfi okkar í unglíngadeild en skortur og ástand á búnaði háir að mörgu leyti skólastarfi. Allt of margir tímar þar sem nota átti tölvur urðu hálf ónýtir þar sem netið datt út eða það tók óratíma að ræsa tölvurnar.

Google drive og classroom var mikið notað í flestum fögum og ófáar stuttmyndir voru gerðar með hinum ýmsu forritum. Forritin Kahoot og Quizlet voru mikið notuð ásamt gagnvirkum vefjum nams.is, málið í mark ofl.

### **SMT**

Það sem virkar vel á unglिंगastigi er að gefa viðvörun og svo skráningu ef ekki er farið eftir fyrirmælum. Nemendur á unglिंगastigi eru búnir að fara í gegnum reglurnar á hverju ári og eiga að vera með þær nokkuð á hreinu. Reglurnar eru rifjaðar upp reglulega og rætt um það sem gott er og betur mætti fara.

Það mætti skoða betur þegar búið er að gefa nemanda skráningu hvort hægt sé að gefa honum aftur skráningu eða hvað tekur við ef ekkert breytist í tímanum hjá nemanda.

### **Annað sem þér finnst skipta máli í skólafarfinu.**

Samvinna og samræður er mikilvægur þáttur bæði hjá kennurum og nemendum.

### **Ýmis verkefni á vegum Lindu Óla og Hafdísar Bjarna (viðburðateymis :))**

**Heilsuvika:** á haustmánuðum stóð heilsueflingarnefnd fyrir heilsuviku fyrir starfsfólk og nemendur. Allir nemendur skólans fengu heilsuþingó sem þeir leystu á einni viku. Þingóinn innihélt ýmsa hreyfingu og andlega næringu sem gladdi nemendur. Í lok vikunnar fengu allir bekkir viðurkenningarskjal. Skipulagðar voru frímínútnaheilsuþingógangur fyrir starfsfólk en þátttaka í þeim var heldur dræm. Kaffistofa starfsmanna var skreytt og hengdar upp hvetjandi orðsendingar á víð og dreif um skólann. Settar voru krukkur í kaffistofuna þar sem starfsfólk gat valið um að draga miða sem hvatti til líkamlegrar hreyfingar eða miða með fallettri orðsendingu. Á kaffistofunni var einnig boðið uppá niðurskorna ávexti og grænmeti. Við fengum fyrirlesara úr Giljaskóla sem fræddi okkur um núvitund í skólafarfi og lífinu sjálfu. Afar áhugavert. Á næsta skólaári er stefnt að að gera heilsuvikuna enn öflugri.

**Gönguklúbbur:** á haustdögum var gönguklúbbur Oddeyrarskóla endurvakinn. Skipulagðar voru þrjár misþungar gönguleiðir og sett upp plan fram að jólum sem endaði á kaffihúsaferð. Nú þátttaka hefði mátt vera betri en það mættu u.þ.b. þrjár manneskjur að meðaltali þannig að gönguklúbburinn dó drottni sínum seinni partinn í október. Stefnt er að endurvakningu í haust og þá að ganga aftur allar götur bæjarins.

**Lífshlaupið:** í upphafi árs setti heilsueflingarnefnd sér háleit markmið fyrir þátttöku í Lífshlaupinu. Stefnan var sett á að sigrá innanbæjarkeppnina og komast á topp 10 í landskeppninni. Það er skemmst frá því að segja að bæði markmið náðust en á bak við þann sigur var mikil vinna. Skipulagt var skriðsundsnámskeið fyrir starfsfólk hjá Ragnheiði Runólfs og var þátttaka í því afar góð. Starfsfólk var eindregið hvatt til að hreyfa sig daglega og merkt var samviskusamlega við hvern og einn að morgni dags.

**Heilsueflandi grunnskóli:** Teymið var með kynningu á heilsueflandi grunnskóla á skólafarfundum og starfsmannafundi. Kynntar voru helstu áherslubreytingar sem það að gerast heilsueflandi grunnskóla felur í sér fyrir skólann. Starfsmenn voru almennt á því að

Þetta væri rétta leiðin fyrir okkar skóla og hefur Teymið nú sent umsókn til Landlæknisembættisins.

**Rattleikur á smiðjudögum:** á smiðjudögum skipulagði Teymið fjölmennigarlegan rattleik sem teygði anga sína um alla Eyrina. Ýmis verkefni biðu nemenda á ákveðnum stöðvum s.s. að þekkja þjóðfána, krossglíma, ljóðagerð, leikir, götusópun og margt fleira. Leikurinn tókst afar vel og verður eflaust endurtekinnsíðar.

**Heimsins fegurstu bókahillur:** Svana Dan setti skemmtilega mynd inn á feisbúkk síðu starfsmanna í haust. Hillan greip hug og hjarta teymisins og nú var ekki aftur snúið. Þessar hillur skyldu upp í Oddó. Farið var á stúfana og rætt við þau fyrirtæki sem mögulega gætu smíðað hillurnar fyrir okkur og þegar ljóst var að það væri hægt og kostnaðaráætlun komin var hafist handa við að betla. Farið var á ýmsa staði í bænum en ekki er hægt að segja að við höfum riðið feitum hesti frá því betli. Og þó, Byko reið á vaðið og styrkti verkefnið um 20 þúsund krónur og Blikk og tækniþjónustan sem ætlar að smíða hillurnar styrkti verkefnið um heilar 150 þúsund krónur. Og svo gerist það óvænta. Okkar yndislegu fráfarandi nemendur í 10. bekk ákváðu óvænt að færa skólanum afganginn af ferðasjóð sínum. Heilar 266 þúsund krónur. Þvílík yndi! Hillurnar hafa nú verið pantaðar og stefnt er að því að koma þeim upp fyrir dag íslenskrar tungu þann 16. nóvember í haust.



**Oddóleikarnir:** Teymið tók að sér að skipuleggja Oddóleikana 2016. Skipulagðir voru útileikar með fjölbreyttum hreyfistöðvum víðs vegar á skólalóðinni. Ein stöðin var dansstöð sem allir hópar fóru á og í lok dags hittust allir nemendur og starfsfólk skólans á gervigrasvellinginum og dansaði saman. Virkilega skemmtileg og vel heppnuð stund. Leikarnir í heild sinni tókust mjög vel og var almenn gleði með viðfangsefni dagsins.

**Kökubakstur fyrir útskrift:** Teymið ásamt Þuríði tók að sér að græja veitingar fyrir útskrift 10. bekkjar. Útbúnar voru 4 stórar brauðtertur og 4 stórar draumtertur. Það gekk á ýmsu við undirbúninginn en allt gekk þetta upp að lokum og boðið var upp á glæsilegt kaffihlaðborð :)



## Lokaorð

Þá er yfirferð um skólastarfið skólaárið 2015-2016 lokið. Vafalaust eru þættir sem mættu fá ítarlegri umfjöllun, en hér verður látið staðar numið. Ef áhugasamir óska nánari upplýsinga um einhverja matsþætti eða skólastarfið má gjarnan leita til stjórnenda skólans.

Tilgangur innra mats skóla er ávallt sá að nýta upplýsingar sem best til að bæta skólastarfið. Samhliða gerð þessarar skýrslu var því unnin umbótaáætlun sem stjórnendur, kennarar og starfsmenn vinna eftir á komandi skólaári. Umbótaáætlun er einnig birt á heimasíðu skólans.

Í heildina var skólaárið fjölbreytilegt og skemmtilegt og birtist það m.a. í mörgum verkefnum sem skólinn tók þátt í. Það má m.a. sjá á fréttavef heimasíðunnar okkar, [www.oddeyrarskoli.is](http://www.oddeyrarskoli.is). Lagt hefur verið upp úr því að heimasíða skólans sé lífleg og sem aðgengilegust og að hún gefi góða innsýn í skólastarfið okkar. Það er von okkar að nemendur, foreldrar og aðrir sem tengjast skólanum geti nýtt sér síðuna sem best. Heimasíðan er einnig tengd facebooksíðu skólans, þannig að í hvert sinn sem ný frétt kemur á fréttaveitu heimasíðunnar birtist hún sem ný færsla á síðu skólans á facebook.

Þessi samantekt er grunnur að umbótum í skólastarfinu og það er von okkar að hún nýtist skólasamfélaginu öllu vel. Allar ábendingar, varðandi skýrslu þessa, heimasíðuna eða annað sem tengist skólastarfinu eru ávallt vel þegnar.

Júní 2016

Fjóla Kristín Helgadóttir, Kristín Jóhannesdóttir og Rannveig Sigurðardóttir

stjórnendur Oddeyrarskóla